# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 380. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 11. apríl 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 16:00**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Fundargerð 347. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 11. apríl 2024.
2) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023. Fyrri umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.
3) Kynningarátak. Heimir Berg, markaðs- og upplýsingarfulltrúi Snæfellsbæjar mætir á fundinn.
4) Fundargerð 181. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 9. apríl 2024.
5) Fundargerðir 20. og 21.. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 6. mars og 9. apríl 2024.
6) Fundargerð fundar um kynningar- og upplýsingarmál, dags. 4. apríl 2024.
7) Fundargerð bæjarstjórnar með umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 19. mars 2024.
8) Fundargerð aðalfundar Búnaðarfélags Staðarsveitar, dags. 26. apríl 2024.
9) Fundargerð 68. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 22. mars 2024.
10) Fundargerð 188. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 11. mars 2024.
11) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, dags. 20. mars 2024.
12) Fundargerð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 20. mars 2024.
13) Fundargerð 221. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 5. febrúar 2024.
14) Fundargerðir 945. og 946. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. febrúar og 15. mars 2024.
15) Bréf frá Hrafni Arnarsyni, dags. 13. mars 2024, varðandi Bókasafn Snæfellsbæjar.
16) Bréf frá Atla Má Ingólfssyni, lrl., dags. 6. mars 2024, varðandi ósk um staðfestingu landskipta á Dagverðará í Snæfellsbæ.
17) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. mars 2024, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Blómsturvalla slf., til reksturs veitingastaðar, veitingaleyfi í flokki II, tegund C-Veitingastofa og greiðasala, að Ólafsbraut 27 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
18) Opnunarskýrsla Ríkiskaupa, dags. 15. mars 2024, vegna útboðs í sorpmál.
19) Tilkynning frá Ríkiskaupum, dags. 22. mars 2024, varðandi val tilboðs.
20) Bréf frá Agnari Hafsteinssyni, dags. 25. mars 2024, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að skipiunu Geisla SH-41, skipaskr.nr. 2869.
21) Bréf frá forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 26. mars 2024, varðandi stofnun barnaverndarþjónustu Vesturlands.
22) Bréf frá Hörpu Hannesdóttur og Valdimar Hall Sölvasyni, dags. 25. mars 2024, varðandi ósk um að kaupa eignina Snæfellsás 3a af Snæfellsbæ.
23) Bréf frá bæjarstjóra, dags. 5. apríl 2024, varðandi heimagistingu.
24) Bréf frá Guðbjarti Þorvarðarsyni, dags. 26. mars 2024, varðandi úrsögn úr kjörstjórn.
25) Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, dags. 21. mars 2024, varðandi styrktarsjóð EBÍ 2024.
26) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dgas. 8. mars 2024, varðandi áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024.
27) Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 2. apríl 2024, varðandi undanþágu til lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa, frá 1. apríl 2024 og fyrir skólaárið 2024-2025.
28) Bréf frá Umboðsmanni barna, dags. 18. mars 2024, varðandi hljóðvist í skólum.
29) Bréf frá Forsætisráðuneytinu, dags. 7. mars 2024, varðandi kynningu á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024.
30) Endurskoðun á gjaldskrám Snæfellsbæjar árið 2024.
31) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 9. apríl 2024**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

**20. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 6. mars 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson og Baldvin Leifur Ívarsson. Björn Arnaldsson og Ragnar Már Ragnarsson voru fjarverandi. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

**<u>1) Björn sendi punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:</u>**

a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Allt er tilbúið til uppsetningar á eftirlitsmyndavélum og búnaði vegna öryggismála.

b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.

c) Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að rífa hluta af núverandi bryggju og hækka. Unnið er við burðarvirki bryggjunnar, dekkklæðingu og undirbúning fyrir uppsetningu á vatns og raflögnum.

d) Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið. Eftir er að raða grjóti að hluta við Hvalsá og þá er frágangi innan við garðinn á því svæði ekki lokið.

e) Verið er að vinna við hönnun vegna framkvæmda við sjóvarnir við Keflavíkurgötu á Hellissandi og á Barðastöðum Staðarsveit.

f) Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík.

g) Verið er að vinna að staðsetningu á sameiginlegri spennistöð og tækjahúsi á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar fyrir Rarik og Mílu í samvinnu við Tæknideild Snæfellsbæjar.

h) Verið er að vinna við lagfæringar innanhúss í hafnarhúsinu á Arnarstapa, verið er að mála, skipta um innihurðir o.fl.

i) Innsiglingarbaujan við Ólafsvíkurhöfn slitnaði upp og týndist. Búið er að panta nýja bauju og gert er ráð fyrir að hún komi í lok apríl n.k.

**<u>2) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:</u>**

a. Vetrarþjónusta er í fullum gangi á þessum árstíma, aðallega hálkuvarnir á götum og á höfnunum.

b. Lokið var við að ganga frá jólaskrautinu, mikið af stjörnum voru brotnar eftir jólavertíðina og voru þær lagaðar áður en gengið var frá þeim.

c. Viðbyggingin á Lýsuhóli var máluð og þar var tekið til.

d. Áhaldahúsið aðstoðaði við að flytja eldri borgarana í nýju aðstöðuna á Ólafsbrautinni.

e. Aðstoðað við þorrablót á Jaðri, en hátt í tveir dagar fóru í að flytja borð og stóla frá Klifi og til baka.

f. Skipt var um dreifara í saltbílnum.

g. Salernisgámurinn á Arnarstapa var lagaður.

h. Dælt var upp úr rotþróm á Arnarstapa.

i. Áhaldahúsið sinnti jafnframt öðru sem til féll í mánuðinum.

VI MPG

**3) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir**:

a) Unnið í Vallholti 19 1hh, komið nálægt lokum.

b) Jaðar. Skipt um gólfefni á einu herbergi í nýrra húsi og málað.

c) Ýmis smærri viðvik á Jaðri.

d) Kríuból. Málað eitt rými og undirbúið fyrir skrifstofuaðstöðu fyrir stjórnendur.

e) Lýsuhóll. Löguð hurð við kvennasalerni.

**4) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:**

**Sundlaug Ólafsvík.**

a) Búið er að tengja snjóbræðslu á rennibrautarsvæðið.
b) Klukkan er komin úr viðgerð og hefur verið sett upp aftur.
c) Þeytivinda var löguð og ný þvottavél sett upp.
d) Bakskolunarloki fór að leka og var lagaður.
e) Snjómokstur og hálkuvarnir tóku tíma og að hreinsa frá niðurföllum.

**Íþróttahús Ólafsvík**

a) Tekið til í netskáp og switch endurnýjaður.
b) Gengið frá og málað í kringum brunaviðvörunarkerfið.
c) Veggur við vatnsfont var lagaður og málaður.
d) Skipt var um segulloka í skúringarvél.

**Tölvumál & slökkvilið**

a) Ný tölva var sett upp á Kríubóli.
b) Netið var fært til á Jaðri.
c) Nýir eiturefnargallar eru komnir í slökkvistöðina.

**5) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:**

**Grunnskólahúsnæðið í Ólafsvík**

a) Suðurveggur viðgerður og málaður.
b) Vinnurými kennara niðri: sett upp innblástursvifta sem bætir loftið. Rafmótor settur í annað opnanlega fagið svo hægt er að lofta út og blása lofti inn. Ræddir möguleikar á að auka hitann í rýminu.
c) Verið er að laga stormjárn í gluggunum.
d) Snjómokstur og hálkuvarnir.

**Grunnskólahúsnæðið á Hellissandi**

e) Verið að vinna í heimilisfræðistofunni. Eftir gluggaskipti í febrúar var skipt um sólbekk. Verið að koma fyrir plexigleri bak við vaskana og endurnýjaðir blöndunartæki. Stofan orðin mjög fín.
f) Allir gluggar eru komnir í.

VI

MPG

g) Opnun á nýju gluggunum er ekki góð. Búið er að finna ný stormjárn og verið er að setja þau í.
h) Í gamla skólanum er búið að taka ganginn, eitt herbergi og ganginn, mála og kítta. Hann er orðinn mjög snyrtilegur.
i) Smíðastofan: búið er að setja upp loftræstibúnað, en Hörður smíðakennari á heiðurinn af því. Allar vélar eru komnar með sog og hjálpar það mikið til við þrif og frágang.

**<u>6) Ragnar sendi nokkra punkta:</u>**

a) Haldinn var fundur í Umverfis og skipulagsnefnd í vikunni. Á dagskrá voru mál af ýmsum toga, allt frá beiðnum um byggingarheimild, tillögum að nýju íbúðahverfi í Ólafsvík og breytinga á aðalskipulagi.
b) Haldinn var íbúafundur í gær þar sem kynnt var tillaga á nýju deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar á hótel Hellissandi. Fundurinn var haldinn i Röstinni og var mætingin ágæt.
c) Búið að panta glugga og hurðir í félagsmiðstöðina á Hellissandi. Áætlað er að gluggarnir verði sendir frá verksmiðju í viku 13 og verði klárir til afhendingar 9. apríl í Reykjavík.
d) Í síðustu viku var haldinn stöðufundur vegna stækkunar á Lýsuhólsskóla. Framkvæmdum er nánast lokið að innan en það á eftir að ganga frá salerni sem er í tengibyggingunni. Þessa vikuna er unnið við að klæða útveggina að utan.
e) Unnið hefur verið að breytingu á deiliskipulagi Rifshafnar vegna fyrirhugaðrar byggingar á iðnaðarhúsi á svæðinu. Samhliða þessari breytingu voru gerðar minniháttar breytingar á lóðarmörkum ofl.
f) Þessa dagana er unnið er að því að skipta um glugga í ráðhúsinu. Klárað verður að skipta um glugga á jarðhæðinni og í framhaldi verður farið í 2. hæðina. Verkið gengur vel og hafa starfsmenn ráðhússins verið mjög liðlegir á meðan á framkvæmdum stendur því eðlilega fylgir þessu mikill hávaði og rask.
g) Starfsmenn tæknideildarinnar hafa orðið varir við töluverða aukningu á fyrirspurnum er varða byggingarleyfi, lausar lóðir í sveitarfélaginu, ný deiliskipulög ofl. Það virðist því vera mikill hugur í einstaklingum og fyrirtækjum þegar kemur að ýmsum framkvæmdum og er það vel.
h) Undirbúningur að stækkun leikskólans í Ólafsvík hefur staðið yfir í þónokkurn tíma og er áætlað að hefja jarðvinnu í þessari viku.
i) Verið er að undirbúa framlengingu á vatnslögn í Holtabrún.
j) Verið er að skoða áframhaldandi viðhaldsframkvæmdir á Gufuskálum.
k) Önnur dagleg störf.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 9. apríl kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10

**21. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 9. apríl 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Björn Arnaldsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

Kristinn fór yfir það að síðasti dagur Ragnars í vinnu var í lok mars, en hann mun áfram sinna byggingarfulltrúastarfinu í verktöku á meðan þarf. Smári Lúðvíksson kemur til starfa í byrjun júní.

**1) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:**

a. Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að setja upp allan búnað vegna öryggismála en uppsetning á eftirlitsmyndavélum er eftir.

b. Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.

c. Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að rífa ofan af allri núverandi bryggju og hækka. Unnið er við dekkklæðningu, undirstöður fyrir löndunarkrana og uppsetningu á vatns og raflögnum.

d. Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið. Eftir er að raða grjóti að hluta við Hvalsá og þá er frágangi innan við garðinn á því svæði ekki lokið.

e. Verið er að vinna við hönnun vegna framkvæmda við sjóvörn við Keflavíkurgötu á Hellissandi, en hönnum við sjóvörn á Barðastöðum Staðarsveit er lokið.

f. Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík.

g. Verið er að vinna að staðsetningu á sameiginlegri spennistöð og tækjahúsi á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar fyrir Rarik og Mílu í samvinnu við Tæknideild Snæfellsbæjar.

h. Verið er að vinna við lagfæringar innanhúss í hafnarhúsinu á Arnarstapa, verið er að mála, skipta um innihurðir o.fl.

**2) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir**:

a) Skipt um gólfefni á herbergi 206 á Jaðri og málað.
b) Máluð og lagfærð íbúð 1h.h. Engihlíð 20
c) Langt komið að gera við og mála íbúð 2h.v. Engihlíð 20.
d) Ýmislegt annað smærra gert.

BA. MPG Ævar Vagn

3) **Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:**

**Sundlaug Ólafsvík.**

a) Endurnýjuð dæla við kyndingu á heitum potti B
b) Ný heitgasdæla sett við varmadælu 2
c) Ný segl voru sett á heitu potta A og B
d) Bekkur í sauna var lagaður
e) Settir nýir rofar í hurð út í sundlaugargarð
f) Lamir lagaðar í hurð út í sundlaugargarð
g) Síur hreinsaðar og lokar lagaðir
h) Lokið var við að leggja allar lagnir innahús fyrir rennibraut aðeins eftir að tengja tvær límingar úti. Verður farið í það um leið og lofthiti hækkar.

**Íþróttahús Ólafsvík**

a) Þakið yfir anddyrinu fór að leka, en vatn kemur út um rör. Það þarf að finna út úr þessu um leið og farið verður í þakið í sumar.
b) Hurð var löguð við neðri innganginn. Hurðar eru orðnar slitnar.
c) Hurðastoppari lagaður ásamt öðrum smálagfæringum í húsinu.
d) Snjór mokaður af þakinu.

**Völlurinn**

a) Hliðið inn á völlinn var lagað

**Tölvumál & slökkvilið**

a) Tölvur í grunnskólanum undirbúnar fyrir cloud-only.
b) Tölvurnar aftengdar af AD sync af gamla netþjóninum og gerðar cloud-only.
c) Tölvur settar upp aftur o.fl.
d) Í leikskóla voru tölvur persónuverndarvæddar og enduruppsettar fyrir skýjaumhverfi.
e) Búið er að halda tvær æfingar í slökkviliðinu frá síðasta fundi og jafnframt komin tvö útköll.

4) **Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:**

**Grunnskólahúsnæðið í Ólafsvík**

a) Mikil almenn vinna í kringum skólann í mánuðinum.
b) Í kjallaranum er kominn vatnshitablásari og hitamál eru komin í lag. Það verður notkunarbreyting á rýminu og þá verður jafnframt hægt að nota þar viftu sem búið er að setja upp. Kjarnabora þarf á norðurvegginn til að koma fyrir útblástursviftu í ljósritunarherbergi.
c) Stigagangur og íbúð uppi hefur verið tekið í gegn og kemur framkvæmdin vel út.
d) Vagn vakti máls á framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru við grunnskólann í Ólafsvík í sumar, þ.e.a.s. múrviðgerðum og málningu utanhúss. Lagði hann áherslu á að það yrði að vinna hratt og vel til að það mætti gerast sem fyrst.

Vagn MPG

**5) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:**

a. Rifin niður girðing á leikskólanum í Ólafsvík, sett upp ný girðing og grafið fyrir nýja húsinu. Í uppgrafningu komu í ljós götufrárennsli og skólplagnir frá Engihlíðinni sem þurfti að færa.

b. Sett inn vatnsinntak í Brúarholti 2a og byrjað að setja inntak að lóðarmörkum á Holtabrún 4.

c. Rotþrær voru tæmdar og lagaðar á Arnarstapa.

d. Gluggar rifnir úr í Ólafsbraut 23, hreinsaðir og endurkíttaðir.

e. Mikill tími hefur farið í almenna vetrarþjónustu, hálkuvarnir og snjómokstur.

f. 19. mars voru eftirtaldar götur hreinsaðar af snjó. Ólafsbrautin tekin að N1, Ennisbraut að Engihlíð, Engihlíðin að kirkjunni, allt Stekkjarholtið, öll Grundarbrautin, hálft Skipholtið og hálft Vallholtið, öll Túnbrekkan, öll Hábrekkan, Sandholtið og Þverholtið, hálft Skálholtið og hálft Lindarholtið. Þetta var tekið á 7 klukkutímum og 80-90 vörubílahlöss, eða um 1300 rúmmetrar af snjó, var sturtað í sjóinn. Þetta var mjög vel gert.

g. Verið er að setja upp greiðslukerfi fyrir salernisgáminn á Arnarstapa.

**6) Kristinn fór yfir nokkur mál:**

a) Byrjað er á gluggaskiptum í Ráðhúsinu og verður vonandi haldið áfram fljótlega.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. maí kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:31

Matthías Páll Gunnarsson

Vagn Ingólfsson

**Heimir Berg - Markaðs- og upplýsingafulltrúi Snæfellsbæjar**

*Helstu verkefni, fundur 4. apríl 2024*

**Spjallmenni.** *Viðbót við nýju leitarvélina sem við settum upp á snb.is. Hluti af samvinnuverkefni Sambandsins íslenskra sveitarfélaga. Verkefni á lokametrunum og von á spjallmenni á heimasíðuna von bráðar.*

**Teikningar af tjaldsvæðum** *Við höfum látið teikna yfirlitsmyndir af tjaldsvæðunum. Er að fullvinna þær svo við getum bætt upplýsingagjöf og móttöku gesta á tjaldsvæðunum fyrir sumarið.*

**Upplýsingaskjár.** *Vinn með Matthíasi að uppsetningu á upplýsingaskjám í þjónustuhús á tjaldsvæðunum. Það er búið að setja upp tölvu hjá mér þannig að ég geti stjórnað birtingu á skjáunum og bætt upplýsingagjöf frá okkur til ca. 20 þúsund manns yfir sumartímann.*

**Skilti** *Vinn að skiltum sem sett verða upp á Hellissandi og við Bjarnarfoss.*

**Heimasíða** *Betri og traustari upplýsingagjöf eftir að við fjárfestum í nýrri síðu. Mikil aukning á heimsóknum.*

> *Frá því við opnuðum nýju vefsíðuna í september sl. hafa 15.000 mismunandi notendur heimsótt síðuna. Fer vaxandi. Fyrstu þrjá mánuði þessa árs komu 8600 nýir notendur á heimasíðuna (26.4% aukning frá okt – des 23). Síðuflettingar fyrstu þrjá mánuði ársins voru 51.000 (+61.9%) og í 19.000 (+35.7%) skipta fór viðkomandi á fleiri en eina síðu. Prósentutölur er aukning frá október – desember 2023. Notendur á fyrri vefsíðu voru u.þ.b. 10.500 frá 1. jan – 17. sept 2023.*
>
> *Nýir notendur á síðuna það sem af er ári hafa í hverri viku verið frá 399 – 857.*

**Svæðismörkun** *Hef unnið við vefsíðu Svæðismörkunar Snæfellsness ásamt öðrum. Stefnt að opnun vefsíðu síðar í þessum mánuði.*

**Rafrænar umsóknir** *Hef haldið áfram að vinna við að bæta umsóknum inn í þjónustugáttina. Allar umsóknir hjá tæknideild eru komnar inn og nú vinn ég með grunnskólanum að því að koma umsóknum þeirra á rafrænt form.*

**Listavinnuskóli** *Vinn að því með menningarnefnd að bjóða upp á listavinnuskóli fyrir ungmenni í sumar. Í vinnslu.*

**Kynningarátak**. *Hef lokið við drög að kynningarátaki sem dregur fram kosti þess að búa í Snæfellsbæ. Verður kynnt á næstunni.*

**Önnur dagleg störf** + aðstoð við *Kjarni, One, fundarkerfi ofl.*

## Fundur bæjarstjórnar með umhverfis- og skipulagsnefnd 19.3.2024

Mættir voru: Björn H, Júníana, Auður, Jón Bjarki, Eiríkur, Halla, Fríða, Halldór, Illugi, Margrét Sif, Mikki, Ragnar, Kristinn og Hildigunnur, Gunnþóra í gegnum Teams.

Forföll: Kristjana og Magnús

### Gisting í heimahúsum

- Ekki vilji að leyfa airbnb í íbúðarhúsnæðum – nema með því skilyrði að þeir sem eru með leyfi í gildi fái áfram að hafa.
- Ekki leyfð airbnb allan ársins hring á skipulögðu svæði íbúðarhúsnæðis líkt og fram kemur í aðalskipulagi. Nema þeir sem hafa áður fengið leyfi fá leyfin endurnýjuð en Ekki endurnýjað ef það kemur nýr aðili.
- Annað gildir um viðskipta og þjónustulóðir.
- Gott að það væri til bókun sem nefndin gæti vísað í þar sem þetta kemur fram.
- Hafa verið umræður í nefndinni –. Ekki hægt að leyfa þetta m.a. út frá umferð og bílastæðavandamálum.
- Leyfið tilheyrir eiganda hússins en ekki fasteigninni og því þarf að sækja um nýtt leyfi. Þannig það er alveg hægt að takmarka það að leyfin verði ekki endurnýjuð í íbúðarhúsnæðum við eigendaskipti.
- Við ráðum ekki við 90 daga regluna.

*Ákveðið að fela Kristni, Hildigunni og Ragnari að koma með tillögu að bókun/samþykkt um gistingu í heimahúsum sem myndi vera lögð fyrir næsta bæjarstjórnarfund – þau senda drög til allra þeirra sem voru á fundinum.*

### Aðalskipulagsbreytingar

- Allir sammála um að hægja á okkur í aðalskipulagsbreytingum – frekar safna saman og gera það reglulega, annað hvert ár – eða þess háttar.
- Mörg sveitarfélög farin að láta það kosta ákveðið gjald fyrir aðalskipulagsbreytingar milli þess glugga sem breytingar eru. Ath Stykkishólmur nýbúið að gera þetta

*Ákveðið að fela Kristni og Ragnari að finna hvernig gjaldið er og koma með tillögu.*

### Smáhýsi á Hellissandi

- Vöntun á húsnæði fyrir starfsfólk – bæði fiskvinnsla og ferðaþjónusta.
- Búið að biðja um að athuga með stað fyrir um 20 smáhýsi, umræða af hálfu þeirra sem vilja byggja hefur verið á svæðinu austan við bústaðinn hans Smára eða á gamla tjaldsvæðinu.
- Hildigunnur bendir á að við eigum að fullnýta svæðið hérna megin við þjóðveg, ekki ofan við þjóðveg – að teknu tilliti til barna sem myndu þar búa.
  En ef þetta yrði gert ofan vegar er lykilatriði að gera stokk undir þjóðveginn – landfræðilega er það alveg hægt.
  Öll svæði sem hafa verið bent á krefst aðalskipulagsbreytinga.
  Rætt um afhverju þetta væri ekki frekar íbúðahúsnæði í raðhúsum eða þess háttar og skoðað mögulega raðhúsalóðir við nýju raðhúsin – en auðvitað skiptir máli hvað framkvæmdaraðilar vilja gera.

*Hildigunni falið að stilla upp svona byggð og koma með hugmyndir af staðsetningum.*

**Umferðarhraði á Hellissandi**

- Spurt um vegagerðina – hvernig þeim gangi að koma í heimsókn – búnar að vera á leið til okkar í 2 ár, sú sem var með þetta er í veikindaleyfi.
- Rútur stoppa við þjóðgarðsmiðstöðina – fólk labba yfir þjóðveginn til að skoða bæinn og street artið en samt enn hröð umferð. Einnig börn á ferli frá tjaldsvæðinu yfir sumartímann. Nú þarf að fara að heyra í vegagerðinni og finna e-rjar lausnir – mjög mikilvægt.
- Einnig rætt undirgöng rétt við afleggjarann að þjóðgarðsmiðstöðinni.

*Hildigunni og Kristni falið að þrýsta á Vegagerðina um fund.*

**Deiliskipulag í Dalbrekku**

- Gunnþóra fór yfir 3 mismunandi götutengingar og landið – og hvar væri hægt að koma einlyftum húsum.
  - Skv. Tillögu A þá eru einbýlishúsalóðirnar flestar í fyrsta áfanga. Og fleiri einbýlishúsalóðir með útsýni sem koma þar út af annarri legu á veginum.
  - Fyrsti áfangi væri þá svæðið neðan við veg ásamt græna svæðinu við vaðalinn.
  - Margir sammála því að við fyrstu sýn er fyrsta tillagan líta best út.
- Láta húsin vinna með landinu – það er til ávinnings fyrir svæðið og þá sem þar búa.
  - Oft ódýrara að byggja tvílyft – minni grunnur og svo byggt upp. Getur munað nokkrum prósentum.
  - Stundum er ekki hægt að vera einlyft hús – þá væri það eins og kjallari.
  - Í Ólafsvík er mikill halli þar og gæðin í húsunum yrði á sumum svæðum meiri með því að vera lyft upp og njóta garðs til suður.
- Mikilvægt að geta áfangaskipt þessu – hverfinu.

*Gunnþóru falið að senda tillögurnar á fundarmenn. Og fundarmenn eiga að láta vita hvað þeim hugnast best og Gunnþóra og Hildigunnur vinna það svo áfram. – horfa á göturnar, ekki gulu kassana sem endanlegt af því að það fer eftir því hvaða tillaga fer áfram í vinnslu hvernig þau raðast og það á eftir að koma fleiri byggingum á tómu svæðin.*

Um leið og búið er að velja götutengingarnar þá er hægt að fínpússa lýsinguna og ákveða að kynna hana á fyrsta íbúafundi – svo deiliskipulag og aftur fund um það.

**Sæluhúsið**

- Samtal sem þarf líka að taka við Vegagerðina. Tillaga um að skrifa vegagerðinni bréf og hóta dagsektum sé húsinu ekki viðhaldið.
- Orðinn ferðamannastaður.
- Tillaga um að skrifa innviðaráðherra bréf.
- Eina sem er verið að tala um að það sé lagað utanfrá og sé fokhelt.

*Kristni falið að gera drög að bréfi.*

**Gámamál**

Fyrirspurn hvort gámaplanið sé klárt úti í Rifi. Ekki klárt teikningar á því en þeim sem vantar pláss hafa fengið að fara með gáma uppeftir með fyrirvara um að þeir þurfi mögulega að færa þá til þegar skipulag þess er orðið klárt.

Umræða um hvað við ætlum að gera í gámamálum. Farið yfir það að dæmi eru um að fólk neiti að taka við bréfum frá okkur.

*Kristni og Ragnari falið að kanna hvort lögregla eða sýslumaður viti um stefnuvott sem hægt væri að nota.*

*Tæknideild falið að fara skal yfir hvaða gámar eru með stöðuleyfi* – mikill áhugi að það eigi að gera e-ð í þessum málum – senda bréf og jafnvel beita dagsektum.

**Erró verkið**

Ragnar sýndi tillögur fyrir staðsetingu á verkinu við pakkhúsið.

Flestir sammála um staðsetja það á Sáið.

Tillaga um að það þurfi að hafa sér fund um sorpmálin.

Nýr aðili tekur við 1. júní – sumarið í grenndargámana. Kerfið verði vonandi fullvirkt í september.

Allir sammála um það að það þurfi að hafa svona fundi oftar.

Aðalfundur Búnaðarfélags Staðarsveitar, haldinn á Lýsuhóli 26.april 2024 lýsir yfir ánægju með umhverfisverkefni sem hefur verið í gangi.

Búnaðarfélagið óskar eftir því að slíkt verkefni verði endurtekið 2024 með áherslu á eftirfarandi atriði;

- Gámar komi í júní. Það þarf að vera gámur fyrir brotajárn, annar fyrir blandað rusl og spilliefnakar.
- Búnaðarfélag Staðarsveitar leggur til afnot af tækjum félagsins, félagsmönnum að kostnaðarlausu til að vinna að umhverfishreinsun meðan á verkefninu stendur.
- Brotajárns- og ruslagámar verði staðsettir á þremur stöðum í Staðarsveit og Breiðuvík
- Fylgst verði með gámunum og þeir tæmdir ef þeir fyllast meðan á verkefninu stendur.
- Umhverfisátakið verði útfært og framkvæmt í samstarfi Snæfellsbæjar og Svæðisgarðs.

Samþykkt samhljóða

**Jeratún ehf. kt. 501203-2030**

**Fundargerð**

**68. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,**
**haldinn föstudaginn 22. mars 2024, kl. 14:00 sem fjarfundur.**

Mætt: Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Jónas Gestur Jónasson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, sem sat einnig fundinn.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. **Ársreikningur 2023**
   Ársreikningur ársins 2023 lagður fram. Jónas Gestur fór yfir og kynnti ársreikninginn.

   Ársreikningur samþykktur samhljóða og sendur til rafrænnar undirskriftar.

2. **Greiðsluáætlun**
   Lögð fram greiðsluáætlun næstu fjögurra ára.

   Greiðsluáætlun staðfest.

3. **Framkvæmdir og viðhald**
   Stjórn samþykkir að eiga fund með forsvarsfólki FSN vegna viðhalds húsnæðis og lóðar og felur framkvæmdastjóra að koma á fundi, með ósk um fund 13. maí.

4. **Fjármál félagsins**
   Farið yfir stöðu á vinnu Deloitte varðandi fjármál félagsins. Deloitte mun senda minnisblað í apríl mánuði.

5. **Önnur mál**
   Stjórn samþykkir að stefna að aðalfundi félagsins mánudaginn 13. maí kl. 14:45 í Ráðhúsi Grundarfjarðar.

   Stjórn fjallaði um stöðu ágreinings á greiðslu fasteignaskatta FSN, en það liggur fyrir tölvupóstur til skólameistara, dags. 10. janúar 2023, þar sem skýrt kemur fram að samkomulag náðist um greiðslufyrirkomulag árið 2007 án athugasemda til ársins 2022. Björgu og Kristni var veitt heimild á síðasta fundi til þess að fylgja málinu eftir, ef þörf verður á.

   Stjórn samþykkir að senda mennta- og barnamálaráðherra erindi með ósk um framlengingu leigusamnings um húsnæði Fjölbrautaskóla Snæfellinga, en gildandi samningur rennur út 31. júlí nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:48.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson

Kristinn Jónasson

Björg Ágústsdóttir

Sigurlaug R. Sævarsdóttir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fullgild rafræn undirskrift<br>**ÞORSTEINN NARFASON**<br>Kennitala: 200366-5069<br>2024-03-12 14:47:47 GMT<br>Ástæða: Undirskrift | Fullgild rafræn undirskrift<br>**SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR**<br>Kennitala: 220465-5009<br>2024-03-12 14:53:16 GMT<br>Ástæða: Undirskrift | Fullgild rafræn undirskrift<br>**SKÚLI HREINN GUÐBJÖRNSSON**<br>Kennitala: 240165-3179<br>2024-03-12 14:54:44 GMT<br>Ástæða: Undirskrift | Fullgild rafræn undirskrift<br>**TRAUSTI GYLFASON**<br>Kennitala: 300964-4949<br>2024-03-12 14:55:50 GMT<br>Ástæða: Undirskrift |
| Fullgild rafræn undirskrift<br>**AUÐUR KJARTANSDÓTTIR**<br>Kennitala: 230891-2309<br>2024-03-12 15:00:07 GMT<br>Ástæða: Undirskrift | Fullgild rafræn undirskrift<br>**BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON**<br>Kennitala: 261087-3599<br>2024-03-12 15:01:35 GMT<br>Ástæða: Undirskrift | Fullgild rafræn undirskrift<br>**KRISTINN HALLUR SVEINSSON**<br>Kennitala: 210572-5979<br>2024-03-12 15:49:10 GMT<br>Ástæða: Undirskrift | Fullgild rafræn undirskrift<br>**SIGURHANNA ÁGÚSTA EINARSDÓTTIR**<br>Kennitala: 301188-3669<br>2024-03-14 14:50:57 GMT<br>Ástæða: Undirskrift |

Heilbrigðiseftirlit
**Vesturlands**

# 188. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams, mánudaginn 11. mars 2024 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson og Trausti Gylfason.

**Dagskrá**

1. **Ársreikningur ársins 2023.**
   Ársreikningur ársins 2023 unninn af KPMG var lagður fram.
   *Ársreikningur samþykktur*

2. **Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2023 .**
   Árskýrslan var lögð fram. Endanlegt eintak verður sent út síðar.

3. **Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar**

3.1 Bráðum ehf., endurnýjað starfsleyfi fyrir litlum markaði í félagsheimilinu Breiðabliki, Eyja- og Miklaholtshreppi. Leyfi gefið út 6. desember 2023 og er ótímabundið.

3.2 Roð ehf., nýtt leyfi starfsleyfi fyrir sölu á tilbúnum mat/veisluþjónusta á Bárugötu 21, Akranesi. Leyfið gefið út 8. desember 2023 og er ótímabundið.

3.3 Vörumiðlun ehf., nýtt leyfi fyrir vörugeymslur/flutningamiðstöðvar á Vesturbraut 20, Búðardal. Leyfi gefið út 12. desember 2023 og er ótímabundið.

3.4 Formáli fasteignir ehf., nýtt leyfi fyrir gististað á Aðalgötu 8 í Stykkishólmi. Gistiheimili fyrir 24 gesti. Leyfið gefið út 13. desember 2023 og gildir í 12 ár.

3.5 Erla Sigurfljóð Olgeirsdóttir, nýtt leyfi fyrir fótaaðgerðarstofu á Smiðjuvöllum 28, Akranesi. Leyfið gefið út 15. desember 2023 og gildir í 12 ár.

3.6 Veislur og Viðburðir ehf., endurnýjað leyfi fyrir samkomustað í Bíóhöllinni, Vesturgötu 27 Akranesi. Leyfi gefið út 19. desember 2023 og gildir í 12 ár.

3.7 Mína sf., nýtt leyfi fyrir lítinn gististað á Móum 4 á Arnarstapa, Snæfellsbæ. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 4. Leyfið gefið út 20. desember 2023 og gildir í 12 ár.

3.8 Vetrarþjónustan ehf., nýtt leyfi fyrir lítinn gististað á Jaðri 2, Arnarstapa Snæfellsbæ. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 6. Leyfið gefið út 20. desember 2023 og gildir í 12 ár.

3.9 Hellnar ehf., endurnýjað leyfi fyrir gististað á Kjarvalströð, 6, 8 og 12 á Hellnum Snæfellsbæ. Fjöldi gesta er samtals 12. Leyfið gefið út 8. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.10 Kalman ehf., breytt leyfi fyrir lítinn gististað í Kalastaðakoti/ gamla Kaupfélagið, Hvalfjarðarsveit. Fjöldi gesta er 5. Leyfið var upphaflega gefið út 10. október 2021 og gildir í 12 ár frá þeim degi.

3.11 Festir ehf., nýtt leyfi fyrir gististað á Eiðhúsum Eyja- og Miklaholtshreppi. Fjöldi gesta sbr. umsókn er allt að 20 gestir. Leyfið gefið út 9. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.12 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, nýtt leyfi fyrir viðtalsrými á Kirkjubraut 28 á Akranesi. Leyfið gefið út 9. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.13 Veitur ohf., endurnýjað leyfi fyrir spennistöð í aðveitustöð á Smiðjuvöllum 24 Akranesi. Leyfið var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins í 4 vikur, engar athugasemdir bárust. Leyfi gefið út 11. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.14 Félag sumarhúsaeiganda í Hvammshlíð, endurnýjað leyfi fyrir vatnsveitu sem þjónar frístundahúsabyggðinni í Hvammshlíð Skorradal. Leyfi gefið út 12. janúar 2024 og er ótímabundið.

3.15 Ungmennafélag Reykdæla, nýtt leyfi fyrir samkomustað í félagsheimilinu Logalandi Reykholtsdal, Borgarbyggð. Leyfi gefið út 15. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.16 Eyja – Miklaholtshreppur nýtt leyfi fyrir samkomustað/félagsheimili og snyrtihús á ferðamannastöðum í félagsheimilinu Breiðabliki. Leyfi gefið út 17. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.17 Heilbrigðisstofnun Vesturlands nýtt leyfi/nýr rekstraraðili fyrir starfsemi Dvalarheimilisins Silfurtúns í Búðardal – lítið mötuneyti með fullbúnu eldhúsi og dvalarheimili. Leyfi gefið út 1. desember 2023 og gildir í 12 ár.

3.18 300 Þjálfun ehf., nýtt leyfi fyrir litla líkamsræktarstöð á Smiðjuvöllum 3 Akranesi. Leyfið gefið út 22. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.19 Bæjareyri ehf., nýtt leyfi fyrir gististað í landi Grímsstaða Reykholtsdal. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 6 gestir. Leyfið gefið út 23. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.20 Pulsuvagninn Stykkishólmi ehf., endurnýjað leyfi fyrir starfsemi matarvagns (nr. ENV06) / færanleg matvælastarfsemi. Vagninn verður staðsettur á Aðalgötu við Freyjulund. Leyfi gefið út 22. janúar 2024 og gildistími er ótímabundinn.

3.21 Jón Bjarni Þorvarðarson, endurnýjað leyfi fyrir lítinn gististað á Bergi Grundarfirði. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 10 gestir. Leyfi gefið út 1. janúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.22 Box 7 ehf., nýtt leyfi fyrir lítinn gististað að Fellasneið 10 í Grundarfirði. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 4. Leyfið gefið út 9. febrúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.23 Sæferðir ehf., nýtt leyfi fyrir matsölustað í farþegaferjunni Baldri SH 3039 Stykkishólmi. Leyfi gefið út 13. febrúar 2024 og er gildistími ótímabundinn,

3.24 TSC ehf., endurnýjað leyfi fyrir gististað á Grundargötu 50/ Gamla pósthúsinu Grundarfirði. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 28 gestir. Leyfið gefið út 15. febrúar og gildir í 12 ár.

3.25 Bergnótt ehf., nýtt leyfi fyrir gististað og matsölustað fyrir fleiri en 50 gesti, á Hótel Vesturlandi á Borgarbraut 59 í Borgarnesi. Fjöldi gesta í gistingu er 200 og í veitingum hámark 300 gestir. Leyfi gefið út 23. febrúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.26 Sveitarfélagið Stykkishólmur nýtt leyfi fyrir þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara og mötuneyti með fullbúnu eldhúsi í Höfðaborg Öldrunarmiðstöð, Skólastíg 14 Stykkishólmi. Leyfi gefið út 26. febrúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.27 Óli smiður ehf., endurnýjað leyfi fyrir lítinn gististað á Grundargötu 43 í Grundarfirði. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 10 gestir. Leyfi gefið út 26. febrúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.28 Gunnar Sturluson, nýtt leyfi fyrir lítinn gististað í Hrísdal Eyja- og Miklaholtshreppi. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 10 gestir. Leyfi gefið út 26. febrúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.29 Melhagi Willa ehf., nýtt leyfi fyrir lítinn gististað á Melhaga í Hvalfjarðarsveit. Fjöldi gesta sbr. umsókn er 10 gestir. Leyfi gefið út 27. febrúar 2024 og gildir í 12 ár.

3.30 Guðrún Esther Jónsdóttir / Sælukotið Árblik, breyting á leyfi og yfirfært á nýjan rekstraraðila. Leyfi fyrir litlu tjald- og gistivagnastæði og kaffihúsi í félagsheimilinu Árbliki, Miðdölum Dalabyggð. Leyfi upphaflega gefið út á fyrri rekstraraðila 20. apríl 2022 og gildir í 12 ár.

3.31 Orkan IS ehf., endurnýjað leyfi fyrir bensínstöð, sjálfsafgreiðslu á Aðalgötu 26 í Stykkishólmi. Leyfi auglýst í 4 vikur á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, engar athugasemdir bárust. Leyfi gefið út 11. mars 2024 og gildir í 12 ár.

*Lagt fram.*

**4. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.**

4.1 Björgunarsveitin Ósk, staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu við höfnina í Búðardal 31. desember 2023. Auðkenni skráningar 375937.

4.2 Lionsklúbbur Ólafsvíkur, staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu við Dalbraut í Ólafsvík 6. janúar 2024. Auðkenni skráningar er 377929.

4.5 Þórsnes ehf., staðfesting á skráningu fyrir vinnslu fisks og annara sjávarafurða á Reitarvegi 14 Stykkishólmi. Auðkenni skráningar er 367322.

4.6 Björgunarsveitin Brák, staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu við Englendingarvík í Borgarnesi 6. janúar 2024. Auðkenni skráningar 378377.

4.7 Björgunarfélag Akranes, staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu við Jaðarsbakka Akranesi 6. janúar 2024. Auðkenni skráningar 378211.

4.8 Björgunarsveitin Lífsbjörg, staðfesting á skráningu fyrir flugeldasýningu við Kirkjuhól Staðarsveit 30. desember 2023. Auðkenni skráningar 378752.

4.9 Trélausnir ehf., staðfesting á skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja, vegna asbests í íbúðarhúsi á Laugafelli Sælingsdal. Auðkenni skráningar 385635.

4.10 Lára Jóhannesdóttir, staðfesting á skráningu fyrir hársnyrtistofu á Smiðjuvöllum 28 Akranesi. Auðkenni skráningar 383164.

4.11 Dagný Pétursdóttir, staðfesting á skráningu fyrir hársnyrtistofu á Kvíaholti 27 í Borgarnesi. Auðkenni skráningar 378466.

4.12 Sjammi ehf., staðfesting á skráningu fyrir trésmíðaverkstæði að Kalmansvöllum 3 Akranesi. Auðkenni skráningar 388607.

4.13 ARD ehf., staðfesting á skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði á Litla-Kambi Snæfellsbæ. Auðkenni skráningar 388605.

4.14 Hvalur hf., staðfesting á skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja vegna asbestsklæðingar í tönkum. Auðkenni skráningar 383712.

4.15 SF Smiðir ehf., staðfesting á skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja, á litlu gestahúsi á Ásenda 9 í Húsafelli Borgarbyggð. Auðkenni skráningar 405647.

*Lagt fram.*

**Umsagnir**

**5. Umsagnir til sýslumanns**
**Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi**

5.1 Umsókn Ísólfs Haraldssonar f.h. Veislur og viðburðir ehf. til reksturs veitingastaðar í flokki II, G- samkomusalir í Bíóhöllinni Vesturgötu 27 á Akranesi. Jákvæð umsögn var send 19. desember 2023.

5.2 Umsókn Stefáns Jónssonar f.h. Mínu sf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, í frístundahúsi að Móum á Arnarstapa, Snæfellsbæ. Jákvæð umsögn var send 20. desember 2023.

5.3 Umsókn Kolfinnu Snæbjörgu Haraldsdóttur f.h. Vetrarþjónustunnar ehf. um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II, frístundahús að Jaðri 2 á Arnarstapa fyrri sex gesti. Jákvæð umsögn var send þann 20. desember 2023.

5.4 Umsókn Braga Rúnars Axelssonar f.h. Formála fasteigna ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV tegund B- stærra gistiheimili að Aðalgötu 8 í Stykkishólmi fyrir 24 gesti. Jákvæð umsögn var send þann 13. desember 2023.

5.5 Umsókn Harðar Guðmundssonar f.h. Bæjareyri ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II tegund C- minna gistiheimili að Bæjareyri Reykholtsdal fyrir sex gesti. Jákvæð umsögn var send þann 23. janúar 2024.

5.6 Umsókn Aldísar Ásgeirsdóttur f.h. Box7 ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili í íbúð í bílskúr að Fellasneið 10 Grundarfirði fyrir fjóra gesti. Jákvæða umsögn veitt fyrir útleigu á gistiíbúð.

5.7 Sæferðir ehf. sækja um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, tegund C-veitingastofa og griðasala í farþegaferjunni Baldri SH, nr. 3039 sem gerður er út frá Stykkishólmshöfn, Fjöldi gesta er 250 manns. Jákvæð umsögn var send þann 13. febrúar 2024.

5.8 Ólöf Dagfinnsdóttir f.h. Nónhúss ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili að Nónhóli Arnarstapa fyrir 7 gesti. Jákvæð umsögn var send þann 21. febrúar 2024.

5.9 Einar Hannesson f.h. Bergnóttar ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV tegund A Hótel, að Borgarbraut 59, Borgarnesi fyrir 200 manns í gistingu en tekið verður við allt að 300 manns í veitingasal og er afgreiðslutími áfengisveitinga virka daga frá 8.00 til 23.00 virka daga og til 1.00 aðfararnætur frídaga. Jákvæð umsögn var send þann 23. febrúar 2024.

5.10 Umsókn Gunnars Sturlusonar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C – minna gistiheimili. Íbúð með þremur svefnherbergjum auk stúdíóíbúðar. Gestafjöldi 8. Jákvæð umsögn var send 26. febrúar 2024.

5.11 Umsókn Guðrúnar Esterar Jónsdóttur um leyfi til reksturs veitingarstaðar fyrir 270 manns í flokki II, veitingastofa og greiðasala, kaffihús, krá og samkomusalur í félagsheimilinu Árbliki, Miðdölum Dalabyggð. Jákvæð umsögn var send 27. febrúar 2024.

5.12 Umsókn Sigurlínar Gunnarsdóttur f.h. Melhaga Willa ehf. til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C minna gistiheimili. Heilbrigðiseftirlitið gaf jákvæða umsögn þann 26. febrúar 2024 eftir að úrbætur höfðu verið gerðar að kröfu eftirlitsins.

**Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi**

5.13 Umsókn Bárunnar Brugghúss ehf. til sölu á áfengi beint úr framleiðslunni til vínveitingastaða eða til annarra kaupenda sem eru til þess bærir. Jákvæð umsögn var send þann 7. desember 2023.

5.14 Umsókn Karlakórsins Söngbræðra um tækisfærisleyfi vegna áfengisveitinga í tilefni af söngskemmtun í félagsheimilinu Þinghamri á Varmalandi 13. janúar 2024 kl. 19-02. Jákvæð umsögn veitt 30. desember 2023.

5.15 Umsókn Karlakórsins Söngbræðra um tækisfærisleyfi vegna áfengisveitinga í tilefni af Þorrablóti í félagsheimilinu Þinghamri á Varmalandi 28. janúar 2024 kl 19-02. Jákvæð umsögn veitt 30. desember 2023.

5.16 Umsókn Tinnu Rutar Jónsdóttir um tækifærisleyfi f. UMF Björn Hítardælahreppi vegna Þorrablóts sem halda á í Lyngbrekku í Borgarnesi 2. febrúar 2024 frá 20.00-03:30 Gestafjöldi 160 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 8. janúar.

5.17 Umsókn Karenar Bjargar Gestsdóttur um tækifærisleyfi f.h. Ungmennafélagsins Eldborgar fyrir Þorrablót í Lindartungu, Borgarnesi 9. febrúar 2024 kl 20.00-03.00. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 8. janúar 2024.

5.18 Umsókn Ísólfs Haraldssonar f.h. Veislur og viðburðir ehf. fyrir Þorrablóti Skagamanna sem halda á í Íþróttahúsinu Jaðarsbökkum 21. janúar frá kl 18.00-02.00. Gestafjöldi er 600 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 8. janúar 2024.

5.19 Umsókn Theódóru Matthíasdóttur vegna tækifærisleyfis fyrir Þorrablót sem halda á í Íþróttamiðstöð Stykkishólms 3. febrúar frá kl. 17.00- 03:00. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 11. janúar 2024.

5.20 Umsókn Narfa Jónssonar f.h. Ungmennafélags Reykdæla fyrir þorrablót Ungmennafélags Reykdæla að Logalandi 3. febrúar frá kl. 19.30-0230. Gestafjöldi er 150 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 12. janúar 2024.

5.21 Umsókn Guðlaugar Kristinsdóttur fyrir þorrablót Ungmennafélags Laxdæla að Dalabúð í Búðardal 27. janúar frá kl. 19.30-03:00. Gestafjöldi er 150 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 15. janúar 2024.

5.22 Umsókn Ástu Möller fyrir þorrablót að Þinghamri Varmalandi 27. janúar frá kl. 19.30-05:00. Gestafjöldi er 250 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 16. janúar 2024.

5.23 Umsókn Írisar Sveinbjörnsdóttur fyrir þorrablót 27. janúar í Félagsheimilinu Brún frá kl. 19.00-03:00. Gestafjöldi er 120 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 15. janúar 2024.

5.24 Umsókn Steinþórs Loga Arnarssonar f.h. Ungmennafélags Stjörnunnar um þorrablót í félagsheimilinu Tjarnarlundi, Dalabyggð 3. febrúar frá kl. 19.30-03:00. Gestafjöldi er 130 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 24. janúar 2024.

5.25 Umsókn Sveins Kjartans Gestssonar fyrir þorrablót í félagsheimilinu Staðarfelli , Dalabyggð 17. febrúar 2024 frá kl. 20.00-03:00. Gestafjöldi er 100 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 24. janúar 2024.

5.26 Umsókn Rakelar Magneu Hansdóttur f.h. Þorrablóts Suður-Dala 10. febrúar kl 19.30-03:00. Gestafjöldi er 200 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 24. janúar 2024.

5.27 Umsókn Sigríðar Guðbjargar Bjarnadóttur f.h. Körfuknattleiksdeildar Skallagríms fyrir skemmtun í Hjálmakletti Borgarbyggð 10. febrúar kl. 19.00-03:00. Gestafjöldi er 500 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 24. janúar 2024.

5.28 Umsókn Magnúsar Magnússonar fyrir þorrablóti í Miðgarði 3. febrúar frá kl 20.00-02:00. Gestafjöldi er 100 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 1. febrúar 2024.

5.29 Umsókn Siguróskar Sunnu Magnúsdóttir f.h. Ungmennafélags Staðarsveitar fyrir þorrablóti Félagsheimilinu Lýsuhóli. 17. febrúar frá kl. 20.00-03:00. Gestafjöldi er 140 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 1. febrúar 2024.

5.30 Umsókn Áslaugar Guðmundsdóttur f.h. Fjölbrautarskóla Vesturlands vegna árshátíðardansleiks í skólanum þann 14. febrúar frá kl. 21.00-24.00. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 1. febrúar 2024.

5.31 Umsókn Sigurborgar Hönnu Sigurðardóttur um þorrablót f.h. Ungmennafélagsins Dagrenningar 24. febrúar kl. 20.00-03.00. Gestafjöldi er 90 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 1. febrúar 2024.

5.32 Umsókn Heidi Laurbert Andersen um skemmtun 2. mars 2024 í félagsheimilinu Brúaraási vegna Góugleði frá kl. 19.30-03.00. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 6. febrúar 2024.

5.33 Umsókn Jónasar Kára Eiríkssonar f.h. Sjálfstæðisfélags Akraness í félagsheimilinu Jónsbúð 2. mars frá kl. 18.00-23.30. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 13. febrúar 2024.

5.34 Umsókn Gísla Sigmundssonar f.h. Glapræðis ehf. vegna tónlistarhátíðar í Íþróttahúsinu Stykkishólmi og hefst 6. júní kl. 15.00 og endar 9. júní kl. 03.00. Gestafjöldi er 600. manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 13. febrúar 2024.

5.35 Umsókn Sóleyjar Óskar Sigurgeirsdóttur f.h. 2022 ehf. vegna "1. mars- bjórdagurinn" haldinn hátíðlegur í Grímshúsi Brákarbraut 27 c Borgarnesi. Gestafjöldi er 150. manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 27. febrúar 2024.

5.36 Umsókn Hestamannafélagsins Borgfirðings um tækifærisleyfi vegna árlegs síðasta vetrarballs Borgfirðings 24. apríl 2024. Gestafjöldi er 500 manns. Jákvæð umsögn send með skilyrðum þann 7. mars 2024.

*Lagt fram.*

**6. Umsögn til sýslumanns um brennur um áramót 2023/2024.**

6.1 Borgarbyggð Varmaland, 31. desember 2023. Ábyrgðarmaður brennu er Vilhjálmur Hjörleifsson.
6.2 Snæfellsbær, á Breið, Rifi, 31. desember 2023. Ábyrgðarmaður brennu er Hjálmar Þ. Kristjánsson.
6.3 Stykkishólmur, tjaldsvæðið, 6. janúar 2024. Ábyrgðarmaður brennu er Magnús Ingi Bæringsson f.h Stykkishólmsbæjar.
6.4 Akranes, Jaðarsbakkar, 6. janúar 2024. Ábyrgðarmaður brennu er Ásgeir Kristinsson f.h Björgunarfélag Akraness.
6.5 Dalabyggð, Búðarbraut Búðardal, 31. desember 2023. Ábyrgðarmaður er Kristján Ingi Arnarsson f.h Dalabyggðar.
6.6 Snæfellsbær, Kirkjuhóll Staðarsveit, 30. desember 2023. Ábyrgðaraður er Guðmundur G. Bjarnason f.h Ungmennafélags Staðarsveitar.

*Lagt fram.*

**7. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál**
Neðangreindar umsagnir voru sendar í Skipulagsgátt

**Borgarbyggð**
*7.1* Breytinga á deiliskipulagi fyrir hótellóð, golfvöllur við Borgarnes. Umsögn send 11. janúar 2024.
*7.2* Grenndarkynning byggingarleyfisumsóknar vegna Áenda 9 í Húsafelli. Umsöng send 9. janúar 2024.
*7.3* Nýtt deiliskipulag fyrir jarðræktarstöð að Hvanneyri. Umsögn send 18. janúar 2024.
*7.4* Nýtt deiliskipulag innan þéttbýlismarka í landi Bjargs. Umsögn send 25. janúar 2024.
*7.5* Skipulagslýsing Breyting á aðalskipulagi -íþróttasvæði, íbúðarsvæði og skólasvæði. Umsögn send 1. febrúar 2024
*7.6* Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Stækkun íbúðarsvæðis og færsla á hringvegi um Borgarnes Umsögn send 2. febrúar 2024.

**Dalabyggð.**
7.7 Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar í landi Ljárskóga. Umögn send 10. janúar 2024.
7.8 Nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarhúsagötuna Borgarbraut í Búðardal. Umsögn send 15. febrúar 2024.

**Hvalfjarðarsveit**
7.9 Nýtt deiliskipulag fyrir Narfabakka, íbúðar, athafna og landbúnaðarlóðir. Umsögn send 29. janúar 2024.
7.10 Nýtt deiliskipulag fyrir Brekku í Hvalfirði. Umsögn send 6. febrúar 2024.

**Kjósarhreppur**

7.11 Nýtt deiliskipulag fyrir Eyri. Umsögn send 31. janúar 2024.

7.12 Breyting á deiliskipulagi Hvammur – Hvammsvík. Umsögn send 7. mars.

**Skorradalshreppur**

7.13 Deiliskipulag frístundabyggðar Kiðhúsabala í landi Fitja. Umsögn send 24. janúar 2024.

**Sveitarfélagið Stykkishólmur**

7.14 Tilkynning um fyrirhugaða framkvæmd Jónsvegur. Umsögn send 14. desember 2023.

7.15 Nýtt deiliskipulag á Þingskálanesi. Umsögn send 14. febrúar 2024.

7.16 Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024. Umsögn send 14. janúar 2024.

7.17 Sameiginleg skipulags- og matslýsing að breyttu Aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Agustsonreit í Stykkishólmi. Umsögn send 21. febrúar 2024.

7.18 Breyting á deiliskipulagi fyrir Víkurhverfi í Stykkishólmi. Umsögn send 19. janúar 2024.

**Grundarfjarðarbær**

7.19 Breyting á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039 og nýtt deiliskipulag vegna fyrirhugaðar uppbyggingar verslunar- og þjónustu á jörðinni Grund 2, Grundarfirði. Umsögn send 12. desember 2023.

7.20 Iðnaðarsvæði vestan Kvernár, Skipulagslýsing. Umsögn send 27. desember 2013.

**Snæfellsbær**

7.21 Deiliskipulagstillaga frístundabyggðar í landi Ölkeldu. Umsögn var send þann 28. febrúar 2024.

7.22 Klettsbúð 7 A og 9 Hellissandi. Deiliskipulags og matslýsing. Umsögn send þann 15. desember 2023.

*Lagt fram.*

**8 Umsögn til ráðuneytis.**

Umsókn um undanþágu vegna hunda á hótelum Íslandshótela /Fosshótel á Vesturlandi. Jákvæð umsögn send Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti 28. febrúar 2024.

*Lagt fram.*

**9 Undanþága frá tóbakslögum**

9.1 N1 ehf. sækir um undanþágu fyrir ungmenni til að selja tóbak í verslun fyrirtækisins að Ólafsbraut 67 í Ólafsvík. Tímabundin undanþága til sex mánaða var afgreidd þann 1. febrúar 2024.

9.2 N1 ehf. sækir um undanþágu fyrir ungmenni til að selja tóbak í verslun fyrirtækisins að þjóðbraut 9 á Akranesi Tímabundin undanþága til sex mánaða var afgreidd þann 1. febrúar 2024.

*Lagt fram.*

**10 Samþykktir sveitarfélaga**

Samþykkt Kjósarhrepps um meðhöndlun úrgangs var lögð fram.

*Framkvæmdastjóra falið senda samþykktina til Kjósarhrepps til afgreiðslu.*

## 11 Önnur mál

11.1 Leiðbeiningar til heilbrigðisnefnda vegna hringrásarlaga 2024 útgefnar af Umhverfisstofnun voru lagðar fram til kynningar.

11.2 Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verður haldinn þann 20. mars 2024 að Hótel Hamri. Heilbrigðisnefnd heimilar nefndarmönnum að sækja fundinn.

11.3 Starfsmannamál.

11.4 Bankamál.

Fundi slitið: 18.00

Heilbrigðiseftirlit
**Vesturlands**

**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2024**

Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands var haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð miðvikudaginn 20. mars 2023 kl. 11:15.

**Mætt voru:**
**Fulltrúar aðildarsveitarfélaga og eftirtaldir kjörmenn:**
Akranes: Kristinn Hallur Sveinsson
Borgarbyggð: Stefán Broddi Guðjónsson
Dalabyggð: Björn Bjarki Þorsteinsson
Eyja- og Miklaholtshreppur: Sigurbjörg Ottesen
Grundarfjörður: Bjarni Sigurbjörnsson
Hvalfjarðarsveit: Linda Björk Pálsdóttir
Kjósarhreppur: Forföll
Skorradalshreppur: Jón E. Einarsson
Snæfellsbær: Kristinn Jónasson
Sveitarfélagið Stykkishólmur: Jakob B. Jakobsson

**Frá heilbrigðisnefnd:**
Kristinn Hallur Sveinsson, formaður
Auður Kjartansdóttir, varaformaður
Sigrún Ólafsdóttir
Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir
Bjarki Snær Guðlaugsson

Kristinn Hallur setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hann stakk upp á Auði Kjartansdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Vesturlands ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. **Skýrsla stjórnar - Heilbrigðisnefnd Vesturlands 2023**
   Kristinn Hallur flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2023.
   Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gekk vel á árinu 2023. Stjórn hélt 8 fundi auk aðalfundar og fundar með sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga um fráveitumál. Árið 2023 voru 4,3 stöðugildi hjá embættinu og var farið í 603 eftirlitsferðir, skráð voru 611 frávik. Þegar tölfræðigögn úr eftirliti eru skoðuð sést að skráðum frávikum í eftirliti er að fækka og fyrirtækjum sem hafa engin frávik er að fjölga sem gæti verið vísbending um að árangur sé að nást.

Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

Ráðuneyti hafa boðað breytingar á rekstri heilbrigðiseftirlits og í matvælaáætlun matvælaráðherra er lagt til að allt matvælaeftirlit verði fært undir Matvælastofnun. Formaður lýsti skoðun sinni að honum fyndist heilbrigðiseftirliti betur fyrir komið í héraði og tóku margir fundarmenn undir það sjónarmið á fundinum. Formaður lagði til að haldinn verði eigenda fundur í apríl til ræða framtíðarfyrirkomulag heilbrigðiseftirlit og fleiri. Framkvæmdastjóri mun senda fundarboð.

2. **Ársreikningar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands árið 2023**
   Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2023

3. **Umræður um skýrslu Heilbrigðisnefndar heilbrigðiseftirlits og ársreikning 2021.**
   *Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.*
   Ársreikningurinn er aðgengilegur á vef eftirlitsins www.hev.is.

4. **Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2023.**
   Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi heilbrigðiseftirlitsins og helstu lykiltölur fyrir árið 2023. Umræður urðu um skýrsluna varðandi eftirlit í náttúrulaugum sem eru ekki í rekstri. Þar er ekki reglubundið eftirlit en heimild er til að fara í eftirlit ef þörf er á.

   Ársskýrsla verður gerð aðgengileg á vef eftirlitsins þegar hún kemur út

   Engin önnur mál voru á dagskrá og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund.

**Fundi slitið kl. 12.15.**

Sorpurðun Vesturlands

# FUNDARGERÐ

**Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf.**
**Haldinn miðvikudaginn 20. mars 2024 kl. 13**
**á Hótel Hamari, Borgarbyggð.**

Formaður stjórnar, Kristinn Jónasson, setti fund. Hann gerði að tillögu sinni að Bjarki Þorsteinsson yrði fundarstjóri og framkvæmdastjóri, Hrefna B Jónsdóttir, ritar fundargerð.

Hrefna B Jónsdóttir safnaði saman kjörbréfum.
Fundarstjóri þakkaði traustið og lýsti yfir lögmæti fundarins en kjörbréf hafa borist frá öllum eigendum félagsins.

Fundarstjóri gerði þá tillögu um kjörnefnd en í hana eru tilnefndir Björg Ágústsdóttir, Linda Pálsdóttir og Ragnar Sæmundsson.

1. **Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.**

Formaður, Kristinn Jónasson fór yfir skýrslu stjórnar. Sjá nánar skýrslu stjórnar í heild sinni hér aftast í fundargerð.

2. **Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og grænu bókhaldi félagsins. Heildartekjur félagsins eru 204.731.643 kr. Rekstrargjöld eru 124.461.461 kr. fjármunatekjur 26.407.713 kr. og tekjuskattur 21.339.621 kr. Hagnaður ársins 85.338.274 kr. Samþykkt samhljóða.
Samtals voru urðuð 14.924 tonn af úrgangi árið 2023.

3. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.**

Gerð er tillaga um að stjórnarlaun taki mið af þingfararkaupi. Greiðsla verði fyrir hvern fund. Formanns laun verði 5% eða 72.992 kr. og aðrir stjórnarmenn kr. 36.496 kr. + ½ dagpeningur greiddur pr. fund og akstur greiddur samkvæmt reglum RSK hverju sinni. Samþykkt samhljóða.

4. **Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.**

Stjórn gerir þá tillögu til stjórnar að greiddur verði 15% arður til eigenda félagsins. Hagnaður frá rekstri leggist við eigið fé félagsins. Samþykkt.

5. **Lagabreytingar**

Engar

6. **Kosning stjórnar.**

| | |
|---|---|
| Eva Margrét Jónudóttir | Borgarbyggð |
| Finnbogi Leifsson | Borgarbyggð |
| Ómar Örn Kristófersson | Hvalfjarðarsveit |
| Steinunn Magnúsdóttir | Sveitarfélagið Stykkishólmur |
| Kristinn Jónasson | Snæfellsbæ |
| Emil Kristmann Sævarsson | Akraneskaupstaður |
| Magni Grétarsson | Akraneskaupstaður |

7. **Kosning löggilts endurskoðanda.**

Gerð er tillaga um að KPMG verði áfram löggiltur endurskoðandi félagsins.

8. **Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.**

Brynja Þorsteinsdóttir, fráfarandi stjórnarmaður, lýsti yfir ónánægju sinni til Borgarbyggðar að ákveða að skipta sér út fyrir meirhlutafulltrúa með dagsfyrirvara.

Fulltrúi kjörnefndar, Björg Ágústsdóttir, gerði grein fyrir vinnu og niðurstöðu nefndarinnar vegna ágreinings sem fram kom í samtölum nefndarinnar við fulltrúa Borgarbyggðar. Nefndin hefði skoðað málið og teldi að í samþykktum Sorpurðunar Vesturladns hf. og samþykktum Borgarbyggðar væri ekkert sem hindraði þessa stöðu sem nú væri uppi og að það væri atkvæðisbær fulltrúi sveitarfélags/hluthafa sem tilnefndi stjórnarmenn fh. sveitarfélagsins á hluthafafundi.

Formaður sleit fundi og þakkaði Brynju gott samstarf.

Fundarritari. HBJ

**Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 2024**

**Skýrsla stjórnar.**

Ágætu fundarmenn, hér á eftir mun ég flytja skýrslu stjórnar Sorpurðunar Vesturlands.

Starfsemi fyrirtækisins fer fram í Fíflholtum á Mýrum og felst í móttöku og urðun á úrgangi sem þangað er fluttur af öllu Vesturlandi auk þess sem tekið er á móti úrgangi til urðunnar frá sveitarfélögum á Vestfjörðum.

Starfsemin gekk vel á árinu 2023, en hér á eftir mun Hrefna fara betur yfir reksturs ársins.

Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn:
Kristinn Jónasson Snæfellsbæ.
Finnbogi Leifsson Borgarbyggð.
Brynja Þorsteinsdóttir Borgarbyggð.
Emil K. Sævarsson Akranesi
Magni Grétarsson Akranesi
Steinunn Magnúsdóttir Stykkishólmi
Ómar Örn Kristófersson Hvalfjarðarsveit.

Framkvæmdastjóri er Hrefna Bryndís Jónsdóttir.

Stjórnarfundir á árinu 2023 voru 6.

Árið 2023 er tuttugasta árið sem Sorpurðun Vesturlands hf. skilar grænu bókhaldi. Fyrirtækið hefur leitast við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla upplýsingakerfi sitt sem grunn að grænu bókhaldi þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar.

Nýtt starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum var gefið út af Umhverfisstofnun 23. desember 2022 og veitir heimild til móttöku og urðunar úrgangs á allt að 25 þúsund tonnum á ári. Á árinu 2023 voru urðuð samtals 14.924 tonn auk 3.154 tonna af kurli til yfirlags í urðunarreinum. . Heildarmagn móttekins úrgangs og yfirlagsefna samkvæmt framanskráðu var 18.078 tonn.

Í Fíflholtum eru að jafnaði 2,4 stöðugildi starfsmanna og við erum með samning við SSV um reksturinn.

Í árslok 2023 hafði úrgangur verið urðaður í Fíflholtum í 25 ár og var heildarmagn urðaðs úrgangs frá upphafi þá komið í 283.682 tonn. Þar af hafa 157.061 tonn verið urðuð í rein 4, sem er sá urðunarstaður sem starfræktur er í dag.

Urðunarstaðnum í Fíflholtum er lokað ef hámarksvindur fer yfir 18 m/sek. Alls þurfti að grípa til lokunar 22 sinnum á árinu 2023, þar af einu sinni hluta úr degi.

Á árinu 2023 var plantað í svæðið ofan við fyrirhugaða urðunarrein 5 austan við rein 4. Um er að ræða land sem var girt af til að útbúa gott og beitarlaust svæði norðan við hið hefðbundna athafnasvæði urðunarstaðarins. Þetta er annað árið sem umtalsverð gróðursetning á sér stað ofan athafnasvæðis. Með árunum mun hið nýja skógræktarsvæði mynda skjól fyrir urðunarstaðinn en norðanáttin er oft hvöss á svæðinu og skjól kærkomið.

Þann 23. desember 2022 var gefið út nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn og gildir það til 23. desember 2038 eins og áður segir. Einnig eru í gildi fyrirmæli Umhverfisstofnunar, dags. 11. júní 2014, um frágang og vöktun eldri urðunarstaðarins á svæðinu. Vöktun urðunarstaðanna tveggja (eldri og nýrri) er aðskilin, en skv. grein 1.8 í fyrirmælum Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun eldri staðarins er heimilt að samnýta mælingar vegna beggja staðanna. Fylgst hefur verið með efnainnihaldi sigvatns frá eldri urðunarstaðnum frá upphafi og til er yfirlit yfir greiningarnar frá og með árinu 2002.

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS ehf. Environice, hefur annast sýnatökur í Fíflholtum og unnið úr niðurstöðum þeirra. UMÍS skilar Sorpurðun Vesturlands hf. sýnatökuskýrslu fyrir hvert skipti sem sýni eru tekin og er hluti sýnatökuskýrslunnar birtur sem hluti af grænu bókhaldi ársins 2023.

Samkvæmt eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar vegna reglubundins eftirlits 13. apríl 2023 komu engin frávik fram við eftirlitið en ein ábending var gerð.

Markvisst er unnið að því að hefta fok frá urðunarstaðnum, m.a. með uppsetningu fokvarnargirðinga. Fokgirðingarnar hafa reynst vel við að grípa fokefni.

Árið 2023 er fimmta heila árið sem gassöfnun er í gangi í Fíflholtum, en kyndill/metangasbrennari var gangsettur 26. nóvember 2018.

Á árinu 2023 var samtals 44.439 kg. af metani safnað og brennt í kyndlinum. Söfnun ársins 2022 var 52.489 kg. Metansöfnunin dróst því saman um 15% milli áranna 2022 til 2023. Þessi samdráttur skýrist helst af minnkandi gasgæðum. Árið 2022 var metan þannig að meðaltali 21% af heildarhauggasi en aðeins 18% 2023. Rekstur kyndilsins gekk almennt vel en hann var í gangi 80% af árinu samanborið við 71% árið 2022.

Á árinu 2021 hófust framkvæmdir við náttúrulegt hreinsikerfi neðan við urðunarstaðinn í Fíflholtum. Kerfið er í raun viðbót við það kerfi sem fyrir er og er ætlað að tryggja fullnægjandi hreinsun sigvatns áður en því er hleypt út í mýrina sunnan við girðinguna sem umlykur staðinn. Í þessar ræmur hafa verið gróðursettar sérvaldar trjáplöntur sem ætlað er að taka upp næringarefni úr sigvatninu. Kerfið er um 900 metra langt og áætlanir gera ráð fyrir að viðverutími sigvatns í kerfinu verði um 30 dagar. Þessi langi tími stuðlar að því að sem mest af efnum úr vatninu séu tekin upp eða brotin niður á náttúrulegan hátt.

Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands hf. 20.03.2024

Hreinsikerfið sem hér er lýst var að mestu tilbúið til notkunar haustið 2023. Búið er að koma fyrir dælum og raflögnum að þeim, tengingar eru að mestu leyti frágengnar og vorið 2024 verður núverandi útrás frá hreinsikerfinu lokað og hafist handa við að dæla sigvatni frá núverandi hreinskerfi inn í nýja kerfið.

Fyrirkomulag urðunar á urðunarstaðnum í Fíflholtum er með þeim hætti að úrgangur er fyrst urðaður nyrst í urðunarreinina og síðan áfram til suðurs. Syðst í reininni er mælibrunnur þar sem sýni eru tekin úr óhreinsuðu sigvatni áður en því er veitt í hreinsikerfi.

Á árinu kom þriggja fasa rafmagn í Fíflholt sem breytir miklu fyrir reksturinn hjá okkur, sérstaklega hvað kyndilinn varðar.

Við fórum í útboð á nýrri urðunarrein sem við nefnum númer 5 og var það opna 8. desember. Alls buðu 11 verktakar í verkið. Kostnaðaráætlun okkar gerði ráð fyrir að verkið myndi kosta 628 m.kr. en lægsta boð kom frá Óskatak upp á 378 m.kr. sem er um 60% af kostnaðaráætlun. Búið er að semja við lægstbjóðanda og fer hann að hefja framkvæmdir mjög fljótlega. Auk þess eru við búin að ráða eftirlitsmann með verkinu sem heitir Guðjón Samúelsson.

Starfsmönnum Sorpurðunnar vil ég þakka fyrir þeirra störf fyrir fyrirtækið.

Hrefnu B. Jónsdóttur framkvæmdastjóra vil ég þakka fyrir hennar störf.

Læt ég lokið skýrslu stjórnar.

**BREIÐAFJARÐARNEFND**

**221. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 5. febrúar 2024, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Karl Kristjánsson, Sigurður Halldór Árnason, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

**Forföll**: Arnheiður Jónsdóttir og varamaður hennar, Ólafur Helgi Haraldsson.

*Fundarritari*: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 13.05.

1. **Fundargerð 219. fundar og 220. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 219. fundar nefndarinnar, sem var haldinn 20. nóvember 2023, og fundargerð 220. fundar, sem haldinn var 29. janúar 2024.

**Afgreiðsla:**

Fundargerðir lesnar upp og samþykktar.

2. **Fyrirspurn um þátttöku í NPA verkefni (Northern Periphery and Arctic Programme)**

Breiðafjarðarnefnd barst fyrirspurn um mögulega þátttöku í verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar. Norðurslóðaáætlunin (Northern Periphery and Arctic Programme) er samstarfsvettvangur Evrópusambandsríkjanna Írlands, Svíþjóðar og Finnlands og svo Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Hægt er að lesa nánar um NPA samstarfið á heimasíðu Byggðastofnunar hér.

Vistkerfi hafs og stranda binda mikið kolefni, sem kallað hefur verið blátt kolefni (e. blue carbon). Verkefnið sem fyrirspurnin fjallar um snýst um fjarkönnun á þessum vistkerfum.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi verkefnið og ákvað að leita frekari upplýsinga um það. Nefndin mun auk þess leita álits nokkurra stofnana, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrustofu Vestfjarða og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, um verkefnið.

3. **Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2014- 2019**

Náttúrustofur Vestfjarða og Vesturlands vinna að endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð. Nýtt vinnuteymi tók við verkefninu í nóvember 2023.

**Afgreiðsla:**

Sigurður Árnason sagði frá stöðu verkefnisins. Hann kynnti fyrir Breiðafjarðarnefnd verkferli vinnuteymis og tímaáætlun. Breiðafjarðarnefnd mun samkvæmt áætlun fá fyrstu drög með breyttri verndaráætlun í mars 2024. Ákveðið var á fundi að vinnuteymi og Breiðafjarðarnefnd vinni verkefnið í náinni samvinnu vegna tengsla vinnuteymisins við Breiðafjarðarnefnd.

### 4. Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022- 2025

Breiðafjarðarnefnd hefur undirbúið framkvæmdaáætlun 2022- 2025. Nefndin ræddi fyrstu drög áætlunarinnar á fundi sínum í nóvember 2023 og ákvað að gera nokkrar breytingar.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi breytingar sem starfsmaður nefndarinnar vann milli funda og var áætlunin samþykkt í kjölfarið. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja framkvæmdaáætlunina á heimasíðu nefndarinnar.

### 5. Greinargerð um vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2023

Starfsmanni nefndarinnar var falið að vinna samantekt um vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar í ágúst 2023. Nefndarmenn fengu hana til yfirlestrar í tölvupósti fyrir fundinn.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi samantektina. Flestir nefndarmenn voru búnir að lesa textann milli funda og lögðu ekki fram athugasemdir á fundinum. Vegna tímaskorts var ákveðið að afgreiða þennan lið í tölvupósti fyrir næsta fund. Öllum nefndarmönnum verður gefinn kostur á að lesa samantektina á ný og senda athugasemdir til starfsmanns Breiðafjarðarnefndar. Starfsmaður mun taka saman athugasemdir og sendir svo greinargerðina á nefndarmenn til staðfestingar fyrir næsta fund í mars.

### 6. Greinargerð um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar

Vistkerfi Hraunsfjarðar tók miklum breytingum með þverun hans og stíflun við Mjósund. Breiðafjarðarnefnd hefur rætt möguleika á endurheimt fjarðarins og kynnti sér svæðið í vettvangsferð sinni sumarið 2023, þar sem Sigurður Már Einarsson, sérfræðingur á sviði ferskvatnsfiska hjá Hafrannsóknastofnun, kynnti fjörðinn og lífríki hans fyrir nefndinni, auk þess að veita ráðgjöf um mögulega endurheimt hans.

Breiðafjarðarnefnd er ráðherra til ráðgjafar hvað varðar verndarsvæði Breiðafjarðar og nefndin lítur á Hraunsfjörð sem mögulegt verkefni til að endurheimta náttúrulegt ástand á hluta verndarsvæðisins.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi drög greinargerðar sem starfsmaður undirbjó fyrir fundinn. Ákveðið var að gera nokkrar breytingar sem starfsmaður nefndarinnar mun vinna milli funda. Málið verður tekið aftur upp á næsta fundi þar sem Breiðafjarðarnefnd hyggst samþykkja greinargerðina og vísa málinu áfram til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

### 7. Áfangaskýrsla stýrihóps um vernd hafsvæða

Matvælaráðherra skipaði í mars 2023 stýrihóp til að leiða vinnu við að skilgreina áherslur Íslands varðandi verndun hafsvæða innan íslenskrar lögsögu. Hlutverk stýrihópsins er að rýna stjórnkerfi verndunar og nýtingar hafsins, draga saman þekkingu sem er til varðandi hafsvæði við Ísland og afmarka svæði sem hafa mikið verndargildi, greina svæði með tilliti til vistfræðilegra sérstöðu og gera tillögur að svæðum sem þarfnast verndunar.

Formaður Breiðafjarðarnefndar og starfsmaður Breiðafjarðarnefndar hittu stýrihópinn á fundi 26. október 2023 þar sem verndun hafsvæða var rædd með sérfræðinga um hafið.

Stýrihópur skilaði tillögum sínum til ráðherra í desember 2023 og er hægt að lesa þær hér.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd rýndi skýrsluna á fundinum. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar sýndi nefndarmönnum mikilvægustu atriðin úr skýrslu stýrihópsins sem lúta að Breiðafirði.

Ákveðið var að senda stýrihópi nokkrar athugasemdir hvað varðar framsetningu verndarsvæðis Breiðafjarðar og laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Starfsmaður Breiðafjarðar mun vinna athugasemdir milli funda og sendir nefndarfólki drög áður en staðfest skjal verður sent til stýrihópsins. Breiðafjarðarnefnd mun í kjölfarið biðja um fund með stýrihópnum til að ræða stöðu Breiðafjarðar í ljósi verndunar hafsvæða.

### 8. Skýrsla um menningarlandslag frá Minjastofnun

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað nokkrum sinnum um Landslagssamning Evrópu síðan 2022, síðast í nóvember 2023. Á þeim fundi sagði Magnús Sigurðsson, fulltrúi Minjastofnunar í Breiðafjarðarnefnd, frá skýrslu um menningar- og búsetulandslag, sem unnin var fyrir Minjastofnun árið 2020. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar sendi umrædda skýrslu á nefndarfólkið milli funda.

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ákvað að fresta umfjöllun um skýrsluna til næsta fundar vegna tímaskorts. Málið verður tekið upp á staðfundi 19. mars.

### 9. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur í Stykkishólmi þann 19. mars kl. 10.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.35.

# Fundargerð 945. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, miðvikudaginn 28. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Staða kjaramála - 2301032SA**

   Formaður, framkvæmdastjóri, formaður samninganefndar og starfsfólk á þróunarsviði gerðu grein fyrir stöðu kjaramála og kostnaðarútreikninga við þau verkefni sem eru á borðinu.

   *Fundi frestað kl. 13:45.*
   *Stjórn felur formanni að kanna hug stjórnvalda til hugmynda sem komu upp á fundinum um að horft verði meðal annars til ótekjutengdra barnabóta eða annarra leiða til að styðja við barnafjölskyldur.*
   *Formanni falið að boða framhaldsfund þegar svar er komið við þeim hugmyndum.*

   *Fundi haldið áfram 1. mars kl. 12.00.*

   *Fundi frestað aftur kl. 13:10 til að taka þátt í samráðfundi með framkvæmdastjórum sveitarfélaga um stöðu í kjaraviðræðum.*

   *Fundi haldið áfram 1. mars. kl. 14:50.*

   *Á fundinum ákvað stjórn að leggja til eftirfarandi orðalag inn í sameiginlega yfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga varðandi skólamáltíðir:*

   *Leitað verði leiða við að útfæra áherslur um að skólamáltíðir í grunnskóla verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 til loka samningstíma. Ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga vinni sameiginlega að útfærslu á fjármögnun.*

   *Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:*

   *Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að skrifa undir yfirlýsingu um sameiginlegar aðgerðir ríkis og sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga.*

*Varðandi gjaldfrjálsara skólamáltíðir samþykkti stjórn samhljóða eftirfarandi bókun:*

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga óskar eftir því að ríkisvaldið leiti annarra leiða við að útfæra markmið um gjaldfrjálsar skólamáltíðir en beint í gegnum gjaldskrár sveitarfélaga. Stjórnin er reiðubúin til samtals um málið á breiðum grundvelli með það að leiðarljósi að tryggja barnafjölskyldum kjarabætur og velferð.*

Fundi var slitið kl. 15:40.

# Fundargerð 946. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 15. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Skattlagning orkuvinnslu - 2306025SA**

   Lagt fram erindi frá Ásu Valdísi Árnadóttur, formanni stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga. Einnig lögð fram skýrsla starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu, dags. 24. janúar 2024. Ása Valdís Árnadóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Guðný Birna Guðmundsdóttir frá Samtökum orkusveitarfélaga sátu fundinn undir þessum lið ásamt Hilmari Gunnlaugssyni, formanni starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu, sem kynnti niðurstöður starfshópsins.

   *Stjórn sambandsins fagnar því að fram séu komnar tillögur um breytingar á skattlagningu orkuvinnslu. Mikilvægt er að í kjölfarið verði mótað frumvarp þar sem málið er nánar útfært og hvetur stjórn fjármála- og efnahagsráðherra til að ganga hratt til verks í þeim efnum. Við þá vinnu sé mikilvægt að áfram verði haft gott samráð við sveitarfélögin og vinna að breiðri samstöðu um málið.*

2. **Fundargerðir 944. og 945. fundar - 2309033SA**

   Lagðar fram til kynningar fundargerðir 944. og 945. fundar stjórnar sambandsins frá 23. og 28. febrúar 2024, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

3. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

   Lögð fram fundargerð 94. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 19. febrúar 2024.

   *Stjórn tekur undir bókun verkefnisstjórnar undir lið 2 í fundargerð, meðhöndlun dýraleifa. Mikilvægt er að leita leiða til að skapa hvata til að dýraleifar skil sér fremur í farveg aukaafurða dýra en í úrgangsmeðhöndlun. Greina þarf í því samhengi ábyrgð handhafa aukaafurða dýra á að koma því sem til fellur í slíka*

*farvegi. Stjórn felur framkvæmdarstjóra að óska eftir fundi með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og matvælaráðuneytinu um málið.*

4. **Staða kjaramála - 2301032SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í mars 2024.

*Stjórn Sambandsins lýsir yfir ánægju með kjarasamninga til langtíma sem vonandi leiða til ríkrar sáttar á vinnumarkaði. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög hefji vinnu við útfærslur á gjaldfrjálsum skólamáltíðum sem kynntar verða sveitarfélögunum. Í því ferli er mikilvægt að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna.*

5. **Áskorun til sveitarfélaga - 2301032SA**

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra sambandsins sem sent var til allra sveitarfélaga, dags. 8. mars 2024 í kjölfar undirritunar yfirlýsingar um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjaraviðræðna í mars 2024. Jafnframt lagt fram bréf framkvæmdastjóra sambandsins sem var sent til allra framkvæmdastjóra sveitarfélaga 13. mars 2024 vegna áskorunar til sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga.

6. **Landssamband ungmennafélaga - samstarfsbeiðni - 2401032SA**

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 26. janúar 2024, en þá var málinu frestað.

*Stjórn tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samstarfssamningi við Landssamband ungmennafélaga í samræmi við umræður á fundinum.*

7. **Tilnefning í stjórn námsgagnasjóðs - 2401019SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 21. febrúar 2024, þar sem Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ, er tilnefnd í stjórn námsgagnasjóðs.

8. **Tilnefning í Íslenska málnefnd - 2312029SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 11. mars 2024, þar sem Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi og Grétar Sveinn Theodórsson, samskiptastjóri sambandsins, eru tilnefnd í Íslenska málnefnd.

9. **Tilnefning í starfshóp um eftirfylgni verkefna sbr. samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun í þjónustu við fatlað fólk - 2402026SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 11. mars 2024, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs sambandsins og Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, eru tilnefnd í starfshóp sem hefur umsjón með eftirfylgni verkefna sbr. 10. gr. samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun í þjónustu við fatlað fólk.

10. **Tilnefning í starfshóp til að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk - 2402024SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 11. mars 2024, þar sem Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, verkefnastjóra á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp til að vinna að þróun og nýsköpun í þjónustu við fatlað fólk.

11. **Tilnefning í námsstyrkjanefnd - 2402006SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 11. mars 2024, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins, er tilnefndur í námsstyrkjanefnd.

12. **Tilnefning í stjórn Úrvinnslusjóðs - 2306029SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 11. mars 2024, þar sem Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, og Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands hf., eru tilnefnd sem varamenn í stjórn Úrvinnslusjóðs.

13. **Tilnefning í starfshóp um samræmda skráningu og gagnaöflun milli sveitarfélaga og þjónustusvæða - 2402028SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 11. mars 2024, þar sem Helgi Aðalsteinsson, hagfræðingur á þróunarsviði sambandsins, er tilnefndur í starfshóp um samræmda skráningu og gagnaöflun milli sveitarfélaga og þjónustusvæða.

14. **Endurtilnefning í ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara - 2402036SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 11. mars 2024, þar sem Svala Hreinsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði sambandsins, er tilnefnd í ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara.

15. **Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu - 2402033SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 22. febrúar 2024, um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, mál nr. S-3/2024.

16. **Umsögn um drög að frumvarpi vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins - 2402040SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 29. febrúar 2024, um drög að frumvarpi vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins, mál nr. S-43/2024.

17. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn - 2403008SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 7. mars 2024, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn, mál nr. S-22/2024.

18. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins - 2403007SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 7. mars 2024, um drög að frumvarpi til laga um högun upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál nr. S-52/2024.

19. **Skýrsla til umhvefis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna 2023 - 2201030SA**

Lögð fram til kynningar skýrslan til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna 2023.

Fundi var slitið kl. 15:20

## Kristinn Jónasson

| | |
|---|---|
| **From:** | Hrafn Arnarson <hrarnarson@gmail.com> |
| **Sent:** | miðvikudagur, 13. mars 2024 08:45 |
| **To:** | Snæfellsbær |
| **Subject:** | Bokasafn |

Some people who received this message don't often get email from hrarnarson@gmail.com. Learn why this is important

Nokkrar spurningar varðandi Bókasafnið
1. Hversu titlar eru í safninu?
2. Hversu margar bækur eru geymdar í kössum?
3. Hversu margar bækur eru á polsku? Hvað um orðabækur?
4.hversu stórt er svæðið sem gestir hafa til afnota til lesturs á safninu? Hversu borð og stolar?
5. Hvernig er samstarfi við bojasafnskolans hattað
6. Hafa gestir bókasafns aðgang að tölvum?
7. Hvaða gjafir hefur safnið fengið? Átt er við bokagjafir einstaklinga? Eru þessar bækur aðgengilegar safngestun?
8.stendur til að flytja bókasafnið í stærra husnæði? Hvenær?

Kveðja.
Hrafn Arnarson
8649167
Ps.
Óska eftir því að þessi tölvupóstur verði kynntur bæjarfulltrúum til að fá hugmyndir um æskilegt stærra húsnæði.
Óska eftir að ritari eða bæjarstjóri svari spurningum.

LAND LÖGMENN

**Bæjarstjórn Snæfellsbæjar**

**Klettsbúð 4**

**360 Snæfellsbæ**

Kópavogur 6. mars 2024

**EFNI: Óks um staðfestingu landskipta skv. 48. gr. laga nr. 123/2010 – Dagverðará Snæfellsbæ**

Meðfylgjandi bréfi þessu er *dómur Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. E-68/2024* sem fjallar um og staðfestir rétt sameigenda Dagverðarár til að fá eignarhlutum sínum úr jörðinni Dagverðará, **fastanúmer 211-3930, landnúmer 136-271** skipt út. Einnig er meðfylgjandi landskiptagjörð fyrir jörðina Dagverðará, í formi matsgerðar dómkvaddra matsmanna, ásamt korti og fylgiskjali Sigurgeirs Skúlasonar landfræðings.

Í samræmi við niðurstöðu dómsins og í samræmi við lög um þinglýsingu réttinda yfir fasteignum hafa gögn verið send til þinglýsingar hjá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi.

Í 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er fjallað um skiptingu lands og lóða, en þar kemur fram að óheimilt sé að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til og ný afmörkun gildandi skipulagsáætlana, sbr. einnig I. kafla A laga um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001. Í 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004 er fjallað um landskipti á landi sem undir lögin heyra. Í samræmi við ákvæði þeirra laga er tekið fram að samkvæmt ákvæðum gildandi aðalskipulags Snæfellsbæjar er landnotkun á landi Dagverðarár skilgreind undir landbúnað. Á Dagverðará hefur hins vegar ekki verið stundaður landbúnaður svo áratugum skiptir og Dagverðará verið lögbýli í eyði í langan tíma. Ljóst er því að landskiptin hafa engin áhrif á búrekstrarskilyrði jarðarinnar. Jörðin er ekki vel fallin til nútíma búskapar og ljóst að þar mun ekki aftur verða stundaður hefðbundinn landbúnaður. Í erindi þessu er þó ekki farið fram á að flokkun landsins verði breytt í tenglslum við landskiptin. Það verður á forræði hvers og eins landeiganda síðar að meta hvaða breytingar á skipulagi hann óskar að verði gerðar á landi hans, eða sameiganda sameiginlega síðar ef svo ber undir. Að mati bréfritara fellst því ekki í útskiptingunni annað en það að farið er að niðurstöðu dómsins og viðurkenndur réttur sameigenda til að fá eign sinni útskipt, er formlega kláraður í samræmi við lög þar um. Með landskiptum verða því til nýjar sérgreindar fasteignir í eigu hvers og eins landeiganda, ásamt sameignarlandi og hlunnindum sameignarlandsins sem áfram verður í sameign allra landeigenda.

Í samræmi við niðurstöðu matsmanna og vilja landeiganda lands undir gamla lögbýlið Dagverðará, er þess getið að lögbýlisréttur Dagverðará skal tilheyra eigendum spildu 1 og 2, sjá fylgiskjal og fylgir hann því áfram gamla lögbýlinu sem fellur í hlut ofangreindra tveggja eigenda við skiptin.

LAND
LÖGMENN

Með vísan til niðurstöðu dóms Héraðsdóms Vesturlands í máli E-68/2024 er þess hér með farið á leit við Snæfellsbæ að ofangreind skipti, sem fram koma í niðurstöðum dómkvaddra matsmanna og nánar er lýst á meðfylgjandi korti, verði staðfest. Hæg er að hafa samband við undirritaðan lögmann ef óskað er frekari upplýsinga eða gagna í málinu, atli@landlogmenn.is eða í síma 546-4040.

Atli Már Ingólfsson, lrl.

Meðfylgjandi gögn:

a. Dómur Héraðsdóms Vesturlands í máli E-68/2024
b. Matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 13. október 2022.
c. Kort Sigurgeirs Skúlasonar, dómkvadds matsmanns og landfræðings, dags. 26. september 2022.
d. Fylgiskjal við kort Sigurgeris Skúlasonar, með samtölum yfir stærðir útskiptra jarðarparta.

**Sýslumenn**
Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2024-022040
Akranesi, 18. mars 2024

# Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

**Umsækjandi:** Blómsturvellir slf., kt. 450523-1430, Vallholti 26, 355 Ólafsvík,

Forsvarsmaður: Jóhann Pétursson, kt. 160770-4229, Vallholt 26, 355 Ólafsvík. Sími: 8226885. Netfang: jpetursson70@gmail.com

**Tegund umsóknar:** - Umsókn um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar,veitingaleyfi í flokki II, tegund C-Veitingastofa og greiðasala

**Heiti staðar:** **Sjoppan Ólafsvík,**

**Staðsetning:** Ólafsbraut 27
355 Ólafsvík.

| **Heiti fasteignar:** | **Fasteignanr:** | **Rýmisnúmer:** | **Hámarksfjöldi gesta:** |
|---|---|---|---|
| Ólafsbraut 27 | F2222522 | 020101 | 21 |

**Afgreiðslutími áfengis:**

| Virka daga frá: | Virka daga til: | Aðfaranætur frídaga frá kl: | Aðfaranætur frídaga til |
|---|---|---|---|
| kl:12:00 | 22:00 | 12:00 | 22:00 |

**Hámarksgestafjöldi: 21 gestur**.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

**Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is.** Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Daðey Þóra Ólafsdóttir,
sviðsstjóri þjónustusviðs

**Opnunarskýrsla**
15.3.2024

**Rekstraraðili innkaupa**

Ríkiskaup
Davíð Þór Þorvaldsson

**Innkaup**

Waste management - Snaefellsbaer og Grundarfjardarbaer II
22208

## 1.1 Opnun tilboða

Í dag var opnun í ofangreindu útboði.

| Bjóðandi | Heildartilboðsfjárhæðir | |
|---|---|---|
| | Snæfellsbær | Grundarfjarðarbær |
| Íslenska gámafélagið ehf. | 560.027.040 kr. | 265.005.264 kr. |
| Kubbur ehf. | 463.958.341 kr. | 292.582.040 kr. |
| Terra hf. | 784.941.987 kr. | 510.856.989 kr. |

Uppgefin verð eru m. vsk. m.v. 6 ár.

Kostnaðaráætlun Snæfellsbær: 427.899.659 kr. m. vsk. miðað við 6 ár.

Kostnaðaráætlun Grundarfjarðarbær: 257.269.337 kr. m. vsk. miðað við 6 ár.

Frávikstilboð voru ekki heimil skv. útboðsgögnum því á c liður 65. gr. OIL ekki við í þessu útboði.

Opnunarskýrsla felur ekki í sér niðurstöðu útboðs. Í opnunarskýrslu er einungis birt heildartilboðsfjárhæð en endanlegt val getur ráðist af fleiri valforsendum skv. útboðsgögnum. Framsetning opnunarskýrslu er með fyrirvara um hugsanlega reiknivillu og að ekki er búið að meta gildi tilboða. Komi í ljós að fjárhæðir í opnunarskýrslu eru ekki réttar miðað við framsetningu tilboðsblaðs og leiðbeiningar um útfyllingu á því, verður leiðrétt opnunarskýrsla birt eins fljótt og unnt er.

Ríkiskaup þakka fyrir þátttökuna.

**Val tilboðs**
22.3.2024

**Rekstraraðili innkaupa**

Ríkiskaup
Davíð Þór Þorvaldsson

**Innkaup**

Waste management - Snaefellsbaer og Grundarfjardarbaer II
22208

## 2.1 Tilkynning um val tilboðs

Ágæti viðtakandi

Það tilkynnist hér með að tilboð frá Íslenska gámafélaginu ehf. í ofangreindu útboði hefur verið valið af Grundarfjarðarbæ enda tilboðið metið hagstæðast fyrir kaupanda samkvæmt valforsendum útboðslýsingar.

Þá tilkynninst hér með einnig að tilboð frá Kubb ehf. í ofangreindu útboði hefur verið valið af Snæfellsbæ enda tilboðið metið hagstæðast fyrir kaupanda samkvæmt valforsendum útboðslýsingar.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er óheimilt að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum tíu daga biðtíma, frá deginum eftir að tilkynning skv. 1. og 2. mgr. 85. mgr. telst birt. Biðtími hefst 23.03.2024 og lýkur 02.04.2024. Verði ákvörðun þessi ekki kærð og útboðið stöðvað er heimilt að ganga til samninga við ofangreinda aðila frá og með 03.04.2024.

Samkvæmt 85. gr. OIL eiga bjóðendur rétt á að fá rökstuðning fyrir höfnun á tilboðum sínum, sendi þeir um það skriflega beiðni (bréf eða tölvupóstur) til Ríkiskaupa innan 14 daga frá því að bjóðanda var tilkynnt ákvörðun. Ríkiskaup munu svara beiðninni eigi síðar en 15 dögum eftir að hún berst. Tilkynningu um val tilboðs og rökstuðning skv. beiðni skal senda öllum fyrirtækjum sem ekki hefur verið hafnað eða vísað frá innkaupaferli með endanlegri ákvörðun.

Í XI. kafla laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) er fjallað um kærunefnd útboðsmála. Þar kemur fram í 1. mgr. 106 gr.: Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Nánari ákvæði um fresti eru í 106. gr. Fyrir hverja kæru skal kærandi greiða kærugjald að fjárhæð 150.000 kr.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 (OIL) eru birt á heimasíðu Alþingis:
http://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html

Hér er að finna nánari upplýsingar um kærunefnd útboðsmála og frekari leiðbeiningar um kæruheimildir: https://www.stjornarradid.is/verkefni/rekstur-og-eignir-rikisins/opinber-innkaup/kaerunefnd-utbodsmala/

Netfang kærunefndar útboðsmála er knu@yfirskattanefnd.is og símanúmer nefndarinnar er +354 575 8700.

Ríkiskaup þakka fyrir þátttökuna.

**Kristinn Jónasson**

| | |
|---|---|
| **From:** | Agnar Hafsteinsson <agnar@isverehf.is> |
| **Sent:** | mánudagur, 25. mars 2024 14:53 |
| **To:** | Kristinn Jónasson |
| **Subject:** | Óska eftir |
| **Attachments:** | skipid Geisli.pdf |

Þú færð ekki oft tölvupóst frá agnar@isverehf.is. Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt

Góðan daginn

Óska eftir að Sveitarfélagið Snæfellsbær falli frá forkaupsrétti vegna ákvæða 12. gr. laga 116/2006 um stjórn fiskveiða á skipinu Geisli SH-41 (2869). Skipið selst án allra veiðiheimilda hverju nafni sem þær nefnast. Skipið er án aflahlutdeildar.

**Kær kveðja/Best regards**
**Agnar Norðfjörð**
**Framkvæmdarstjóri/manager**
**+354 6617419**

ÍSVER EHF.

# KAUPSAMNINGUR/AFSAL

**Afsalsgjafar:** HG Geisli ehf. kt. 650106-0750, Sandholt 12, 355 Ólafsvík

**Afsalshafi:** Ísver ehf. kt. 501105-2520, Bakkastíg 16, 260 Njarðvík

Afsalsgjafi afsalar hér með til afsalshafa fiskiskipinu Geisli SH-41, skráningarnúmer 2869 sem er 14,57 brúttóton, 11,49 m á lengd og heimahöfn er Ólafsvík. Skipið er smíðað í Bretlandi 2006, Evolision 38 og er með Volvo Penta D9 2006. Með skipinu fylgir t.d. Furuno GPS, Raynmar talstöð, Furuno sjálfstýring, vatnsmiðstöð, hitafíring og 4 DNG 6000 handfærarúllur. Einnig fylgir með skipinu sonar og makrílbúnaður.

Skipið selst í núverandi ásigkomulagi sem kaupandi hefur kynnt sér rækilega og sættir sig við í alla staði. Kaupandi hefur skoðað skipið að viðstöddum seljanda og eru ásáttir um að allt fylgifé sem til staðar var á skoðunardegi, skuli fylgja með skipinu. Skipinu fylgja engar veiðiheimildir, né veiðireynsla.

Afsalshafi hefur kynnt sér veðbókarvottorð sem liggjur frammi við undirritun afsals þessa og gerir engar athugsemdir við það.

**Umsamið kaupverð kr. 23.000.000.- kr er að fullu greitt við útgáfu afsals.**

Við undirritun afsals þessa hafa afsalsgjafar og afsalshafi þegar gert upp öll opinber gjöld og annan kostnað er hefur fallið á eignina fram að undirritun afsals þessa.

Afhending eignarinnar fer fram við undirritun afsals þessa. Afsalshafi greiðir allan kostnað við stimplun og þinglýsingu afsals þessa.

**Yfirlýsing afsalsgjafa**

Með vísan til framangreinds lýsir HG Geisli ehf. kt. 650106-0750, Sandholt 12, 355 Ólafsvík því yfir að Ísver ehf. kt. 501105-2520, Bakkastíg 16, 260 Njarðvík, sé löglegur og réttmætur eigandi að framangreindu skipi, alls 100% hlut afsalsgjafa og er bær til að fara með öll réttindi og skyldur í tengslum við hina framseldu eignir.

Til staðfestu framangreindu rita afsalsgjafar og afsalshafi undir skjal þetta í votta viðurvist. Jafnframt staðfesta aðilar að þeir hafi fullt og ótakmarkað umboð til skuldbindingar þeirrar sem fram kemur í afsalinu.

M 506

20. [illegible] 2024

AN

H.G

**Ólafsvík, 15 mars 2024**

**f.h. seljanda HG Geisli ehf.:** Hjörleifur Guðmundsson

**f.h. kaupanda Ísver ehf.:** 300763-4489

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrft og fjárræði aðila:

Nafn og kennitala

Frida Sveinsd 0302693579
Nafn og kennitala

## Kristinn Jónasson

| | |
|---|---|
| **From:** | Sveinn Þór Elinbergsson <sveinn@fssf.is> |
| **Sent:** | þriðjudagur, 26. mars 2024 10:36 |
| **To:** | Kristinn Jónasson; Björg Ágústsdóttir; Jakob Björgvin Jakobsson |
| **Cc:** | Gunnlaugsdóttir, Bryndís |
| **Subject:** | fyrri umræða draga að stofnun barnaverndarþjónustu |

Sæl verið þið, Kristinn, Björg og Jakob!

Hefur fyrri umræða farið fram í ykkar bæjarstjórnum um stofnun barnaverndarþjónustu Vesturlands?

Bið ykkur að senda bókanir bæjarstjórnanna að fyrri umræðu og afgreiðslu lokinni til mín og í Bryndísar Gunnlaugsdóttur en Bryndís heldur utan um taum formtekju ásamt því að senda samþykktirnar til ráðuneytis til staðfestingar o.fl. í kjölfarið.

Kveðja,
Sveinn Þór

Samrit sent Bryndísi Gunnlaugsdóttur, bgunnlaugsdottir@kpmg.is

KPMG

**KPMG ehf.**
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

# MINNISBLAÐ

| | |
|---|---|
| **Viðtakandi:** | Sveitarstjórnir Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms. |
| **Sendandi:** | KPMG ehf. |
| **Dagsetning:** | 20. febrúar 2024. |
| **Efni:** | Samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu Vesturlands. |

## Samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu Vesturlands.

Sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar gerðu með sér samning um leiðandi sveitarfélag um barnaverndarþjónustu á svæðinu þar sem Borgarbyggð tók að sér meðferð mála vegna barnaverndarþjónustu, með vísan til 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, fyrir Hvalfjarðarsveit samkvæmt ákvæðum samningsins. Sveitarfélögin mynda þannig sameiginlegt umdæmi um barnaverndarþjónustu og er Borgarbyggð leiðandi sveitarfélag. Fagleg ábyrgð og ákvarðanataka er hjá Borgarbyggð, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Starfsfólk félagsþjónustusvæða lýtur boðvaldi Borgarbyggðar í málum sem heyra undir samninginn. Ráðuneytið hefur staðfest samninginn og hann verið auglýstur í Stjórnartíðindum með númerið 121/2024.

Nú hyggjast sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur, kt. 690894-2469; Grundarfjarðarbær, kt. 520169-1729; Snæfellsbær, kt. 510694-2449; og Sveitarfélagið Stykkishólmur, kt. 620269-7009 gerast aðilar að framangreindum samningi með viðauka með vísan til heimildar í 1. gr. samnings Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar. Mun samstarf aðila nefnt *Barnaverndarþjónusta Vesturlands.* Um efni samstarfsins vísast til viðaukans og, eftir því sem við á, til samnings Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar sem skal gilda að breyttu breytanda.

DRÖG Í VINNSLU

## Til þess að samstarfið verði að veruleika þarf að taka eftirfarandi skref.

### *Varðandi viðauka við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar:*

1. Sveitarstjórnir taka tillögu um samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu til afgreiðslu og annað hvort samþykkja tillöguna eða hafna slíku samstarfi. Samhliða því er viðaukinn (samningurinn) tekinn til fyrstu umræðu og vísað til seinni umræðu.
2. Bæjar-/sveitarstjórar sveitarfélaganna útfæra viðauka (samning) um leiðandi sveitarfélag ef þörf er eftir fyrstu umræðu áður en hann fer til ráðuneytisins til yfirlestrar.
3. Mennta- og barnamálaráðuneytið fær samning um leiðandi sveitarfélag til yfirlestrar.
4. Eftir atvikum gæti þurft að uppfæra viðaukann (samninginn) m.t.t. athugasemda/ábendinga ráðuneytisins.

KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð

Reykjavík
Akureyri
Borgarnes
Egilsstaðir

Reykjanesbær
Sauðárkrókur
Selfoss
Skagaströnd

5. Bæjar-/sveitarstjórar undirrita viðauka (samning) um leiðandi sveitarfélag með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórna.
6. Sveitarstjórnir staðfesta undirritaðan viðauka (samning) í annarri umræðu um viðaukann (samninginn) um leiðandi sveitarfélag.
7. Mennta- og barnamálaráðuneytið fær samning um leiðandi sveitarfélag til staðfestingar.

## *Varðandi viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp:*

1. Sveitarstjórnir taka til fyrri umræðu viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp hvers sveitarfélags þar sem fram fer framsal á valdi í barnaverndarþjónustu frá sveitarfélaginu til Borgarbyggðar. *Hægt er að taka það fyrir á sama fundi og viðaukann (samninginn) um leiðandi sveitarfélag en það þarf að vera sérstakt mál á dagskrá sveitarstjórnarfundar, sbr. liður 1 undir „Varðandi viðauka við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar".*
2. *Leggjum til að þegar viðauki við samninginn hefur verið staðfestur af ráðuneytinu sé viðauki við samninginn og viðauki um stjórn og fundarsköp teknir til annarrar umræðu hjá sveitarstjórn á sama fundi.*
3. Sveitarstjórnir taka til síðari umræðu viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp viðkomandi sveitarfélags. Þegar viðaukinn hefur verið samþykktur skal hann sendur til innviðaráðuneytisins til staðfestingar.
4. Innviðaráðuneytið fær viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp til staðfestingar.
5. Viðauki við samþykkt um stjórn og fundarsköp er birtur í Stjórnartíðindum.

Barnaverndarþjónusta Vesturlands tekur til starfa þegar öllum framangreindum skrefum varðandi viðauka við samning og viðauka við samþykkt um stjórn er lokið.

## Tillaga til afgreiðslu:

Til einföldunar og til að tryggja samræmi milli sveitarstjórna á svæðinu eru hér drög að tillögu til afgreiðslu hjá sveitarstjórnum sveitarfélaganna við fyrri umræðu.

**Barnaverndarþjónusta Vesturlands**

*Tillaga um að sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu með Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit og að gerður verði viðauki við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar, sem birtur hefur verið í Stjórnartíðindum nr. 121/2024, um leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.*

***Tillaga að afgreiðslu***

*„Sveitarstjórn [__________] samþykkir að fara í samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002, á Vesturlandi þar sem Borgarbyggð mun taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag.*

*Sveitarstjórn samþykkir að fela bæjar-/sveitarstjóra að útfæra nánar fyrirliggjandi drög að viðauka (samningi) um samstarf sveitarfélaganna í samráði við sveitarstjóra annarra sveitarfélaga sem einnig hafa samþykkt umrætt samstarf. Bæjar-/Sveitarstjóra er einnig falið að undirrita viðaukann (samninginn) að lokinni þeirri vinnu og leggja fyrir sveitarstjórn til síðari umræðu til staðfestingar."*

DRÖG Í VINNSLU

KPMG

**Fylgiskjöl:**

- Drög að viðauka (samningi) um Barnaverndarþjónustu Vesturlands.
- Samningur um barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar nr. 121/2024.
- Drög að viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp þar sem fjallað er um valdframsal til Borgarbyggðar vegna fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu.

**Tengiliðir KPMG ehf. vegna minnisblaðs þessa eru Bryndís Gunnlaugsdóttir og Eydís Ýr Jónsdóttir.**

DRÖG Í VINNSLU

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn NAFN SVEITARFÉLAGS, nr. xxx/xxxx, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað núverandi viðauka I um fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu kemur nýr viðauki um framsal til Borgarbyggðar vegna fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu.

**Commented [GB1]:** Ath - hér þarf að aðlaga eftir hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ef það er ekki nú þegar viðauki þá þarf að breyta orðalaginu.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn NAFN SVEITARFÉLAGS hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Viðauki I

**Um framsal til Borgarbyggðar vegna fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu**

1. gr.

NAFN SVEITARFÉLAGS hefur falið Borgarbyggð að vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að sérhæfðri velferðarþjónustu og felur það í sér að sveitarfélagið hefur framselt vald til töku ákvarðana sem taldar eru upp í 2. gr. þessa viðauka til Borgarbyggðar. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá sveitarstjórn Borgarbyggðar eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum.

Borgarbyggð hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvarðana til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykktum Borgarbyggðar um stjórn og fundarsköp í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda.

Velferðarnefnd Borgarbyggðar fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu á svæðinu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn og fastanefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvarðanir í barnaverndarmálum, að undanskildum eftirlitsheimildum velferðarnefndar Borgarbyggðar vegna yfirstjórnar hennar.

2. gr.

NAFN SVEITARFÉLAGS framselur til Borgarbyggðar ábyrgð og ákvarðanatöku í eftirfarandi verkefnum á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 fyrir hönd sveitarfélagsins:

a) að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögunum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.
b) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.
c) gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.
d) taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.
e) veita aðstoð, sbr. a-e liður 1. mgr. 24. gr.
f) taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í fóstur, sbr. a-liður 1. mgr. 25. gr.

g) taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-liður 1. mgr. 25. gr.
h) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e liður 1. mgr. 26. gr.
i) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a og b-liður 1. mgr. 27. gr.
j) gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.
k) úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.
l) gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.
m) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.
n) skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.
o) áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.
p) senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.
q) taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr
r) taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla.
s) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.
t) fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir.
u) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XIII. kafli.
v) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.
w) gera tillögur um umgengni barns í fóstri eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.
x) hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, a og b-liður 84. gr.
y) hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.
z) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.
aa) tilnefning málstjóra, sbr. 20. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

Um valdframsal til nefnda og starfsmanna Borgarbyggðar, málsmeðferð og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein er vísað til gildandi viðauka um fullnaðarafgreiðsluheimildir við samþykkt um stjórn Borgarbyggðar enda hefur sveitarstjórn NAFN SVEITARFÉLAGS ekki boðvald yfir Borgarbyggð og starfsmönnum þess.

Kostnaðarþátttaka vegna barnaverndarsamnings

| | Hlutf. | Laun | Launat gj | Samtals | Hlutf v/barnav | Á ári | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Félagsrágjafi | 0 | 835.473 | 208.868 | 1.044.341 | - | - | |
| Félagsmálastjóri | 55 | 1.035.177 | 258.794 | 1.293.971 | 711.684 | 8.540.210 | |
| Sviðsstjóri | 0 | 1.228.225 | 307.056 | 1.535.281 | - | - | |
| Sviðsstjóri | 5 | 1.324.370 | 331.093 | 1.655.463 | 82.773 | 993.278 | |
| Umsýslugjald pr mán | | 150000 | | | | 1.800.000 | |
| | | | | | Samtals | 11.333.488 | |
| | | | | íbúafjöldi | | | |
| | | Borgarbyggð | | 4090 | | 5.257.936 | 46,39 |
| | | Hvalfjarðarsveit | | 765 | | 983.453 | 8,68 |
| | | Snæfellsnes | | 3961 | | 5.092.099 | 44,93 |
| | | | Samtals | 8816 | | | |

## snæfellsás 3

Harpa Hannesdóttir <harpah90@gmail.com>

Mon 3/25/2024 4:43 PM

To:Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

Góðan dag . nú vorum við að kaupa Snæfellsás 3 og búin að fara og ræða við Ragnar um klæðningu og fl sem er löngu kominn tími á . Við viljum hér með formlega óska eftir því að fá hinn helminginn af húsinu keyptann svo það sé hægt að gera það upp og í leiðinni fá meira pláss fyrir okkar fjölskyldu , okkar helmingur er mjög fínn að innan og ný búið að skipta um glugga, gólefni og baðherbergi en hinn helmingurinn þarfnast alvarlegra viðgerða og hefur það mikil áhrif á heildar útlit hússins. og ætlum við að byrja á ytrabyrði hús kæðningu og gluggum í sumar.

virðingarfyllst Valdimar Hall Sölvason og Harpa Heiðrún Hannesd.

SNÆFELLSBÆR

*Þar sem jökulinn ber við loft...*

**Til bæjarstjórnar**

Tilv. 240101-01

**Efni: Heimagisting.**

Meðfylgjandi er tillaga að samþykkt/bókun vegna heimagistingar í þéttbýli Snæfellsbæjar.

„Í þéttbýli Snæfellsbæjar verða ekki gefin út ný leyfi til að vera með heimagistingu á ársgrunni í íbúðarhúsnæði sem er í íbúðabyggð samkvæmt aðalskipulagi/deiliskipulagi.

Einungis verða gefin út leyfi til heimagistingar í húsnæði sem er á skilgreindum viðskipta- og þjónustulóðum skv. aðalskipulagi.

Þeir aðilar sem eru með leyfi til heimagistingar í íbúðabyggð umfram 90 daga regluna halda þeim þar til þeir hætta starfsemi og verða þau leyfi ekki endurnýjuð á aðra aðila.“

Snæfellsbæ 05.04.2024

Kristinn Jónasson

bæjarstjóri

Klettsbúð 4 · Hellissandi · 360 Snæfellsbær · veffang: www.snb.is · netfang: snb@snb.is · sími 433 6900 · fax 433 6901

EARTHCHECK

Hellissandur 26.03.2024

# Úrsögn úr kjörstjórn.

Ég undirritaður Guðbjartur Þorvarðarson kt: 271179-3249 segi mig hér með úr kjörstjórn fyrir Hellissands og Rifskjördeild.

Ég mun skila af mér formannstösku til Lilju bæjarrtitara við fyrsta tækifæri.

*Virðingarfyllst.*

Guðbjartur Þorvarðarson

*Guðbjartur Þorvarðarson*

BRUNABÓT

Til aðildarsveitarfélaga EBÍ

Kópavogi, 21.mars 2024.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2024.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum EBÍ. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt með þeim er að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn **eina** umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu **umsóknareyðublaði** sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður". Til úthlutunar eru 8 milljónir króna og er **umsóknarfrestur til aprílloka**. Reglur sjóðsins er einnig að finna á heimasíðunni.

*Vil ég vekja sérstaka athygli á því að í reglum sjóðsins er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. Í 8. gr. er svo hnykkt á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.*

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna ***sérstakra framfaraverkefna*** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra.

Allar frekari upplýsingar um styrktarsjóðinn gefa undirrituð og Anna Sigurðardóttir, á skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is. Ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Sigrún Sveinbjörnsd.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir.
Fulltrúi.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 8. mars 2024

2301032SA VRH
Málalykill: 16.10

**Efni: Áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024**

Í gær kl. 18:00 skrifaði, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, undir yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga. Sú yfirlýsing var gerð til að greiða fyrir gerð langtímakjarasamninga á vinnumarkaði með það að markmiði að kveða niður vexti og verðbólgu.

Í þeirri yfirlýsingu, sem er hér meðfylgjandi, eru þó nokkur atriði sem snerta sveitarfélög. Óskum við eftir að yfirlýsingin í heild verði kynnt fyrir sveitarstjórn. Það helsta sem snýr að sveitarstjórnum er að unnið verði að því á samningstímanum að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Í því samhengi mun Sambandið fara með ríkinu í það að horfa heildstætt á umönnun og menntun barna frá 0-18 ára og m.a. skoðað hvort þörf sé á kerfisbreytingum til að ná settum markmiðum. Þessu tengt þá er í yfirlýsingunni kveðið á um að útfærð verði leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 til loka samningstímans. Áætluð bein kostnaðarþátttaka forráðamanna vegna skólamáltíða grunnskólabarna nemur í dag um fimm milljörðum króna á ári og mun ríkið greiða 75% þess kostnaðar eða allt að 4 milljarða króna. Ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga mun útfæra þetta og mun vinna við það fara af stað á næstu dögum og munum við veita nánari upplýsingar þegar nær dregur.

Þá er það ávarpað að sveitarfélögin muni í húsnæðisáætlunum sínum og skipulagi tryggja nægilegt framboð byggingarsvæða og lóða til skemmri og lengri tíma og hlutdeild í stofnkostnaði almennra íbúða. Sambandið mun einnig vinna að því að umgjörð um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga verði bætt.

Við beinum því til sveitarstjórna að endurskoða gjaldskrárhækkanir sem tóku gildi um síðustu áramót er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Miða skuli við að hækkun þessa árs verði ekki umfram 3,5 %. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hóf eins og nokkur kostur er á samningstímanum.

Við vekjum athygli á að Samband íslenskra sveitarfélag hefur ekki skuldbundið sveitarfélög til að taka þátt í að greiða fyrir langtímakjarasamningum enda hefur Sambandið ekki umboð til þess. Sambandið hefur samt ítrekað lýst því yfir , eins og mörg sveitarfélög, að mikilvægt sé að horfa til samstillts átaks til að kveða niður verðbólguna. Þar er yfirveguð og vönduð aðkoma hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga afar mikilvæg.

Þessi yfirlýsing er mikilvæg varða á þeirri leið að ná langtímasamningum við okkar viðsemjendur. Nú þegar er farin af stað vinna hjá samninganefnd okkar við að klára samninga við okkar viðsemjendur m.v. merki markaðarins sem nú er orðið skýrt.

Með þessu bréfi vil ég skora á sveitarstjórnir að taka þátt og sína samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu.

*Fylgiskjöl: Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024.*

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Arnar Þór Sævarsson
sviðsstjóri þjónustusviðs

# Stuðningur ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024

Til að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði munu ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga vinna að aðgerðum sem styðja við sameiginleg markmið stjórnvalda og samningsaðila um að leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks og stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Aðgerðirnar snúa að ýmsum efnahags- og kjaramálum sem styðja við lífskjör launafólks með sérstakri áherslu á húsnæðisuppbyggingu, húsnæðisstuðning og málefni barnafjölskyldna.

Stuðlað verður að auknu framboði íbúðarhúsnæðis og fjölgun hagkvæmra íbúða í almenna íbúðakerfinu, skilvirkari stjórnsýslu húsnæðis- og skipulagsmála og aukinni aðkomu lífeyrissjóðanna að fjárfestingu í húsnæði. Húsnæðisstuðningur verður aukinn með sérstökum vaxtastuðningi til þeirra sem skulda íbúðalán á þessu ári til að mæta auknum vaxtagjöldum heimilanna og hækkun húsnæðisbóta til leigjenda. Þá verða gerðar breytingar á húsaleigulögum sem tryggja skýrari ramma og fyrirsjáanleika um ákvörðun og breytingar leigufjárhæðar.

Stuðningur við barnafjölskyldur verður stórefldur. Barnabætur hækka og dregið verður úr tekjuskerðingum þannig að mun fleiri foreldrar munu njóta stuðnings. Þá verður unnið að því í samstarfi ríkis og sveitarfélaga að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með næsta hausti. Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækka í 900.000 krónur á mánuði í þremur áföngum á næstu tveimur árum og ríki, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu taka höndum saman og vinna með markvissum hætti að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla á samningstímanum.

Í því miði að útrýma launamun sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum verður unnið að virðismatskerfi starfa sem áætlað er að liggi fyrir í árslok 2026. Að auki munu ríki og sveitarfélög beita sér fyrir ýmsum frekari aðgerðum og umbótum á samningstímanum til að treysta markmið samningsins um lífskjör og verðstöðugleika. Meðal þeirra eru aðhald í opinberum gjaldskrám, lækkun á kostnaði þeirra sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð, hækkun hámarksábyrgðar úr Ábyrgðasjóði launa, aukin framlög í Vinnustaðanámssjóð til að efla vinnustaðanám og umbætur á Menntasjóði námsmanna.

Ríkisstjórnin mun leggja fyrir Alþingi eða aðilar beita sér að öðru leyti fyrir eftirfarandi aðgerðum:

### Húsnæðismál og húsnæðisstuðningur:

*Öflug íbúðauppbygging*

- Haldið verður áfram markvissri uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu með opinberum framboðsstuðningi gegnum stofnframlög og hlutdeildarlán til að treysta húsnæðisöryggi og tryggja viðráðanlegan húsnæðiskostnað tekjulægri heimila.
- Tryggð verða stofnframlög ríkisins til að auka framboð á hagkvæmum íbúðum í almenna íbúðakerfinu. Á samningstímanum styður ríkið við byggingu allt að 1.000

íbúða á ári í formi stofnframlaga og hlutdeildarlána til að mæta fyrirsjáanlegri íbúðaþörf ólíkra hópa samfélagsins.
- Sveitarfélögin munu í húsnæðisáætlunum sínum og skipulagi tryggja nægilegt framboð byggingarsvæða og lóða til skemmri og lengri tíma og hlutdeild í stofnkostnaði almennra íbúða.
- Til að koma til móts við þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og eru undir tilteknum tekjumörkum verða tekjumörk hlutdeildarlána hækkuð um 8,2% þann 1. apríl 2024.

*Aukið framboð húsnæðis*

- Sveitarfélögin munu í skipulagi sínu tryggja byggingarhæfar lóðir til að mæta uppbyggingarþörf í samræmi við húsnæðisáætlanir sem endurskoðaðar eru árlega þannig að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar á hverjum tíma um framboð nýrra íbúða og íbúðaþörf.
- Stjórnsýsla húsnæðis- og skipulagsmála verður einfölduð og samræmd til að stuðla að hraðari uppbyggingu íbúða, svo sem með endurskoðun byggingar- og skipulagsreglugerðar og breytingu á lögum sem heimila sveitarfélögum að flýta uppbyggingu á þegar deiliskipulögðum lóðum. Horft verður til tillagna OECD frá 2020 um úrbætur á regluverki í byggingariðnaði, þ.m.t. til að auka sjálfbærni og stuðla að stafrænni þróun í mannvirkjagerð.
- Lífeyrissjóðum verður auðveldað að koma að uppbyggingu á íbúðarhúsnæði til útleigu með því að rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga í leigufélögum.

*Sértækur vaxtastuðningur*

- Til að mæta auknum vaxtakostnaði heimilanna síðustu misseri verður á árinu 2024 greiddur út sérstakur vaxtastuðningur til heimila með íbúðalán. Áætlað umfang aðgerðarinnar er 5-7 milljarðar króna.
- Stuðningurinn kemur til viðbótar almennum vaxtabótum og tekur mið af vaxtagjöldum ársins 2023 að teknu tilliti til tekna, eigna og fjölskyldugerðar. Vaxtastuðningurinn mun einkum ná til heimila í lág- millitekjuhópum.
- Sérstakur vaxtastuðningur verði greiddur beint inn á höfuðstól láns nema lántakar óski þess sértaklega að nýta hann til lækkunar á afborgunum í tiltekinn tíma.

*Húsnæðislánakerfið og framtíðarfyrirkomulag á húsnæðisstuðningi við eigendur*

- Sett verði á fót nefnd með aðkomu stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, lánastofnana, Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóðanna sem geri úttekt á húsnæðislánakerfinu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin og leggi mat á kosti þess og galla. Þá skoði nefndin jafnframt fyrirkomulag húsnæðisstuðnings í þessum löndum og geri tillögu að framtíðarfyrirkomulagi. Nefndin verði skipuð eigi síðar en í maí 2024 og skili niðurstöðum sínum og tillögum fyrir árslok 2024.

*Aukinn stuðningur við leigjendur*

- Til að draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði leigjenda verður húsnæðisbótakerfið styrkt og umgjörð um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga bætt.

- Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta og eignaskerðingamörk í húsnæðisbótakerfinu hækka 1. júní 2024 auk þess sem aukið tillit verður tekið til fjölskyldustærðar og munu framlög til húsnæðisbóta aukast um 2,5 milljarða króna á ársgrundvelli vegna þessa.
- Leitað verði áfram leiða til að auka samræmi og reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaganna og umsóknaferli og upplýsingagjöf einfaldað og samræmt.
- Réttarbætur verða tryggðar fyrir leigjendur með breytingum á húsaleigulögum sem stuðli að auknu húsnæðisöryggi með skýrari ramma um ákvörðun leigufjárhæðar og fyrirsjáanleika um breytingar á leigufjárhæð.
- Ráðist verður í kynningarátak um réttindi og skyldur á leigumarkaði í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og ráðgjöf og upplýsingargjöf til leigjenda aukin í samstarfi við Leigjendaaðstoðina.

## Barnafjölskyldur

*Barnabætur*

- Stuðningur við barnafjölskyldur í gegnum barnabótakerfið verður aukinn um 3 milljarða króna á árinu 2024, til viðbótar við fyrri áform, og um 2 milljarða til viðbótar á árinu 2025 og mun þá nema um 21 ma.kr.
- Grunnfjárhæðir barnabóta munu hækka og dregið verður úr skerðingum enn frekar til að auka stuðning og fjölga þeim fjölskyldum sem fá barnabætur.

*Gjaldfrjálsar skólamáltíðir*

- Útfærð verður leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 til loka samningstímans.
- Áætluð bein kostnaðarþátttaka forráðamanna vegna skólamáltíða grunnskólabarna nemur um fimm milljörðum króna á ári og mun ríkið greiða 75% þess kostnaðar eða allt að 4 milljarða króna.
- Ríki og sveitarfélög munu útfæra þetta í sameiningu fyrir lok maí 2024. Til að meta árangur tilraunaverkefnisins verður óháðum aðila falið að leggja mat á framgang þess vorið 2026.

*Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækka*

- Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækka frá og með 1. apríl 2024 úr 600.000 þúsund krónum á mánuði í 700.000 kr., frá og með 1. janúar 2025 í 800.000 kr. og frá og með 1. janúar 2026 í 900.000 kr.

*Bilið brúað milli fæðingarorlofs og leikskóla*

- Á samningstímanum er stefnt að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.
- Aðgerðarhópur ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins undir forystu forsætisráðuneytisins vinni tímasetta áætlun um aðgerðir til að loka umönnunarbilinu. Horft verði heildstætt á umönnun og menntun barna frá 0-18 ára og m.a. skoðað hvort þörf sé á kerfisbreytingum til að ná settum markmiðum.

Annað:

*Gjaldskrárhækkanir ríkisins og sveitarfélaga*

- Til að stuðla að verðstöðugleika munu gjaldskrár ríkis almennt ekki hækka umfram 2,5% á árinu 2025.
- Sveitarfélögin lýsa yfir vilja til að hækka ekki gjaldskrár fyrir árið 2024 umfram 3,5% og endurskoða gjaldskrár ársins hafi þær hækkað meira. Sérstaklega verði horft til gjaldskráa er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hóf eins og nokkur kostur er á samningstímanum.

*Framleiðniráð*

- Komið verður á fót sérfræðingaráði um framleiðni sem verði stjórnvöldum til ráðgjafar um hvernig stuðla megi að aukinni framleiðni sem er undirstaða kaupmáttar og bættra lífskjara. Ráðið mun kortleggja þróun framleiðni og tilheyrandi tölfræði síðustu ár og eiga reglulegt samráð við aðila vinnumarkaðsins.

*Dregið úr kostnaði við að sækja heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð*

- Dregið verður frekar úr kostnaði þeirra sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð með fjölgun niðurgreiddra ferða sjúkratrygginga í fjórar á ári.

*Hámarksábyrgð úr Ábyrgðasjóði launa hækkar*

- Hámarksábyrgð launa úr Ábyrgðasjóði launa hækkar úr 633.000 kr. í 850.000 kr. þann 1. apríl 2024 og 970.000 1. janúar 2025.

*Aukin framlög til Vinnustaðanámssjóðs*

- Framlög til Vinnustaðanámssjóðs verða aukin um 150 m.kr á ári til að efla vinnustaðanám og fjölga tækifærum nema til starfsþjálfunar.

*Virðismat starfa*

- Innleitt verði í áföngum virðismatskerfi sem byggi á tillögum aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að innleiðing taki allt að þrjú ár og nýtt kerfi liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2026.

*Menntasjóður námsmanna*

- Í kjölfar skýrslu um Menntasjóð námsmanna verða gerða breytingar á lögum til að létta vaxtabyrði og draga úr ófyrirséðum hækkunum vegna verðbólgu á afborganir lána. Skilyrði fyrir námsstyrkjum verða rýmkuð þar sem tekið er tillit til þverfaglegs náms. Auk þess er stefnt að afnámi ábyrgðarmannakerfis námslána. Haldin verður vinnustofa með hagaðilum um umbætur á kerfinu, m.a. verður horft til hugmynda BHM og KÍ.

Fullgild rafræn undirskrift
ANNA TRYGGVADÓTTIR
2024-04-02 13:16:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ERNA KRISTÍN BLÖNDAL
2024-04-02 14:01:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Til skólastjórnenda grunn- og framhaldsskóla,

skólaskrifstofa og sveitarfélaga

Dagsetning **2. apríl 2024**
Málsnúmer MRN24030162

**Dreifibréf vegna undanþága til lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa, frá 1. apríl 2024 og fyrir skólaárið 2024-2025**

Í lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, er fjallað um ráðningar og undanþágur vegna þeirra. Þar eru gerðar kröfur til skólastjórnenda í grunn- og framhaldsskólum vegna lausráðninga starfsmanna til kennslustarfa. Hér á eftir er lýst þessum reglum og verklagi sem skólastjórnendum ber að fylgja. Verklagið hefur verið uppfært frá fyrra ári þar sem mennta- og barnamálaráðuneyti tók við verkefnum Menntamálstofnunar við niðurlagningu stofnunarinnar þann 1. apríl 2024.

Skylt er að auglýsa öll laus kennslu- og stjórnunarstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum eftir því sem við á í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sveitarstjórnarlög og reglur settar samkvæmt þeim, sem og kjarasamninga þar sem við á.

Sæki enginn kennari um auglýst kennslustarf við grunn- eða framhaldsskóla, þrátt fyrir endurtekna auglýsingu, geta skólastjórnendur ýmist:

1. Sótt um undanþágu til mennta- og barnamálaráðuneytis til að lausráða umsækjanda sem ekki hefur leyfisbréf kennara til hámark eins árs í senn.
2. Ráðið umsækjanda sem leggur stund á nám til kennsluréttinda, að uppfylltum skilyrðum, til að allt að tveggja ára. Slíka ráðningu ber að tilkynna til mennta- og barnamálaráðuneytis.

Skólastjórnendum er þó heimilt að ráða án auglýsingar:

- Kennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingarorlofs eða námsleyfis, enda sé afleysingu ætlað að standa skemur en 12 mánuði.
- Kennara til kennslustarfa sem eiga að standa tvo mánuði eða skemur sem og til tímabundinna starfa í minna en ⅓ hluta starfs og sérfræðinga eða kennara til kennslu sem nemur að hámarki 240 mínútum á viku.
    - Hér er einkum átt við þegar um kennslustörf er að ræða sem menntun og sérhæfing fastra kennara nær ekki til, svo sem vegna sérhæfðrar kennslu miðað við viðkomandi skólastig. Þar er t.d. átt við kennslu í ákveðnum valgreinum á unglingastigi, kennslu í afmörkuðum þáttum lífsleikni o.fl.

## 1. Umsókn um undanþágu vegna ráðninga lausráðinna starfsmanna til kennslustarfa

Mennta- og barnamálaráðuneyti getur, að fenginni tillögu undanþágunefndar kennara, veitt undanþáguheimild til lausráðningar starfsmanns án kennsluréttinda. Sótt er um á vef Ísland.is og þarf að hafa til þess rafræn skilríki. Nauðsynlegt er að umsóknir séu vandlega útfylltar og að allar þær upplýsingar og fylgigögn sem beðið er um fylgi með til að tryggja að umsókn sé tæk til meðferðar. Aðeins rafrænar umsóknir eru teknar til meðferðar og afgreiddar.

***Fylgigögn með umsókn:***

- Upplýsingar um auglýsingu starfs. Hvar og hvenær starfið var auglýst og með hvaða hætti auglýsing var endurtekin. Þá skal einnig fylgja afrit auglýsinga (skjáskot eða ljósrit þar sem dagsetning kemur fram).
- Gögn um menntun, kennsluferil og starfsreynslu umsækjanda sem óskað er heimildar til að ráða, ásamt umsögnum um starfshæfni.
- Fyrirhugað ráðningartímabil.
- Rökstuðningur skólastjóra og a.m.k. tveggja skólanefndarmanna ef umsækjandi án réttinda er tekinn fram yfir umsækjanda með leyfisbréf.
- **ATH.** Ef um er að ræða umsókn vegna kennslu í skólaíþróttum ber að tilgreina sundkennslu sérstaklega. Umsóknir vegna sundkennslu eru samþykktar með þeim fyrirvara að viðkomandi starfsmaður taki hæfnipróf sundstaða, sbr. reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Heimild mennta- og barnamálaráðherra til undanþágu vegna íþróttakennslu nær því ekki til sundkennslu. Hið sama gildir um forfallakennslu í íþróttum.

Sótt er um undanþáguheimild fyrir grunnskóla hér og fyrir framhaldsskóla hér.

**Mælst er til þess að starfsmaður sem sinna á kennslustarfi sé ekki settur á launaskrá fyrr en undanþáguheimild liggur fyrir.**

## 2. Tilkynning um ráðningu kennsluréttindanema

Ráðning umsækjanda sem leggur stund á nám til kennsluréttinda er heimil, að fenginni staðfestingu um nám frá viðkomandi skóla og áætlun um námsframvindu, til allt að tveggja ára. Ekki er heimilt að endurráða starfsmann sem er ráðinn á þessum grundvelli að afloknum þeim tíma án undangenginnar auglýsingar.

Skólastjórnendum er **skylt samkvæmt lögum** að tilkynna slíkar ráðningar til mennta- og barnamálaráðuneytis.

***Ferli tilkynningar***

Senda skal tilkynningu á eyðublaðavef Stjórnarráðsins og þarf að hafa til þess rafræn skilríki. Að innskráningu lokinni er smellt á ,,Eyðublöð" og undir mennta- og barnamálaráðuneytinu er eyðublaðið ,,Tilkynning um ráðningu leiðbeinanda" valið.

Í tilkynningunni skal koma fram:

- Nafn og kennitala umsækjanda um kennslustarf.
- Nafn skóla sem umsækjandi hyggst starfa við og þess sem sendir tilkynningu.

- Í hverju sérhæfing náms umsækjanda felst og fjöldi lokinna eininga.
- Á hvaða námsári umsækjandi er og áætluð námslok.
- Dagsetningar auglýsinga ásamt afriti (skjáskot eða ljósrit auglýsingar þar sem dagsetning kemur fram).

Vakin er athygli á því að mennta- og barnamálaráðuneyti hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 95/2019 og er heimilt á grundvelli þeirra að kalla eftir upplýsingum frá skólum um ráðningu í kennslustörf og er skólum skylt að veita þær upplýsingar.

Vakni spurningar um ofangreint, sem ekki fæst svar við í dreifibréfi þessu né útgefnum leiðbeiningum um verklag við ráðningar, er skólastjórnendum velkomið að hafa samband við mennta- og barnamálaráðuneytið með því að senda tölvupóst á netfangið mrn@mrn.is.

F.h. ráðherra
Erna Kristín Blöndal

F.h. ráðherra
Anna Tryggvadóttir

UMBOÐSMAÐUR
BARNA

Reykjavík, 18. mars 2024

**Efni: Hljóðvist í skólum**

Umboðsmaður barna, embætti landlæknis, Heyrnar- og talmeinastöð ríkisins og Vinnueftirlitið stóðu nýverið að málþingi í tilefni af alþjóðlegum degi heyrnar þann 3. mars. Á málþinginu var sjónum beint að hljóðvist í umhverfi barna og var sérstaklega rætt um hljóðvist í skólum. Litið var til hljóðmælinga sem Vinnueftirlitið hefur framkvæmt, sem sýna að bæta þarf hljóðvist í skólum, á öllum skólastigum. Einnig kom fram að ómtími í opnum rýmum, svo sem matsölum, íþróttasölum og stórum kennslurýmum er víðast hvar of langur, sem magnar hávaða og getur skaðað heyrn barna og starfsfólks. Þá sýna rannsóknir að kennarar upplifa hávaða sem algengasta álagsþáttinn í starfi sínu.

Af þessu tilefni vill umboðsmaður barna skora á sveitarfélög landsins að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta hljóðvist í leik- og grunnskólum. Samkvæmt 24. gr. Barnasáttmálans, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, eiga börn rétt á að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja, og að lifa í heilnæmu og öruggu umhverfi.

Góð hljóðvist í skólaumhverfi barna eykur gæði náms, bætir námsárangur, einbeitingu, félagslega- og andlega líðan barna og kennara og hefur jákvæð áhrif á skólastarf almennt. Þá getur slæm hljóðvist verið félagslega einangrandi og valdið heyrnartapi og líkamlegri vanlíðan, einkum meðal ákveðinna hópa barna.

Ljóst er að víða standa nú yfir miklar endurbætur á skólahúsnæði vegna mygluvanda. Með einföldum og kostnaðarlitlum aðgerðum er unnt að bæta hljóðvist til muna, t.d. með hljóðísogandi lofta- og veggplötum. Með tilliti til þess sem að framan hefur verið rakið hvetur umboðsmaður barna sveitarfélög landsins til að huga að bættri hljóðvist í skólum, jafnt í þeim skólum þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir sem og öðru skólahúsnæði, til samræmis við ákvæði Barnasáttmálans.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Dagsetning 7. mars 2024
Málsnúmer FOR23110245

**Til sveitarstjórna landsins**

**Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024**

Forsætisráðherra skipaði hinn 4. október sl. nefnd um 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins sem vinnur að mótun hátíðardagskrár af því tilefni sem birt er á vef forsætisráðuneytisins www.lydveldi.is og verður í mótun á afmælisárinu. Í nefndinni eru fulltrúar forsætisráðuneytis, skrifstofu forseta Íslands, menningar- og viðskiptaráðuneytis, Alþingis og Þingvallaþjóðgarðar. Þá gerir nefndin tillögur um hvernig minnast megi 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar sé miðað við viðtekið ártal.

Af þessu tilefni gefur forsætisráðuneytið út bókina *Fjallkonan. Þú ert móðir vor kær* með þjóðhátíðarljóðum og greinum um fjallkonuna. Bókin verður gjöf til landsmanna og verður dreift um landið. Þar verður birt úrval þjóðhátíðarljóða ásamt greinum um fjallkonuna með þýðingum.

Hátíðahöldin munu ná hámarki 17. júní með hefðbundinni dagskrá, þegar 80 ár eru liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi, með dagskrá og kórasöng um allt land. Í tilefni þjóðhátíðardagsins verður boðið upp á lýðveldisafmælisköku. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum efnir til afmælisdagskrár þar sem landsmenn eru hvattir til að heimsækja Þingvelli þar sem gestum er boðið að skoða sýninguna *Hjarta lands og þjóðar* og helgina 15.–16. júní verður fjölbreytt menningardagskrá á Þingvöllum, í Almannagjá og víðar um þjóðgarðinn. Þann 16. og 17. júní verður hátíð á Hrafnseyri með dagskrá í tilefni lýðveldisafmælisins og 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar og verður sjónum beint að landnámsminjum á Hrafnseyri. Þá verður efnt til menningarviðburða um allt land.

Í anda fjallkonunnar, lands og þjóðar, verður leitast við að ná til sem flestra með tveimur viðburðum eða nokkurs konar vörðum afmælisársins, annars vegar samsöng kóra landsins undir yfirskriftinni *Sungið með landinu* og hins vegar gönguferðum um náttúru Íslands undir yfirskriftinni *Gengið um þjóðlendur* í öllum fjórðungum landsins

- Verkefnið *Sungið með landinu* er í undirbúningi í samstarfi við kóra og kórstjóra landsins. Þar verður efnt til söngs kóra landsins þar sem sjónum er beint að þeirri miklu grósku sem einkennir kórastarf þjóðarinnar og þá samkennd sem söngurinn veitir. Nú stendur yfir samkeppni um nýtt kórlag við texta Þórarins Eldjárns, *Ávarp til Fjallkonunnar 2015*. Verkefnisstjóri er Margrét Bóasdóttir, formaður Landssambands blandaðra kóra sem vinnu í samvinnu við samtök kóra og kórstjóra. Velkomið er að óska frekari upplýsinga hjá henni margret.boasdottir@gmail.com,
- Með verkefninu *Gengið um þjóðlendur* er efnt til gönguferða um náttúru landsins í öllu fjórðungum með skipulögðum gönguferðum við sem flestra hæfi. Gengið verður um þjóðlendur og sjónum beint að þeirri þjóðareign sem þjóðlendur landsins eru og fróðleik miðlað þar um. Verkefnið er skipulagt í samstarfi við Ferðafélag Íslands og Útivist.

Með bréfi þessu er óskað eftir samstarfi við sveitarfélög landsins í tengslum við hátíðardagskránna með miðlun og hvatningu til þátttöku eins og hentar best á hverjum stað. Vonir standa til þess að dagskrá afmælisársins muni höfða til sem flestra og leiða til samveru í gleði, söng og útiveru á 80 ára afmæli lýðveldisins.

Með góðri kveðju,
f.h. afmælisnefndar

Margrét Hallgrímsdóttir, formaður